

**1987 nr. 55 30. mars****Tollalög****I. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **1. gr.** Í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim skulu eftirfarandi orð og orðasambönd skilgreind svo:

*Ráðherra:* Fjármálaráðherra, nema annars sé getið.

*Tollyfirvald:* [Tollstjórar.]<sup>1)</sup>

*Aðaltollhöfn:* Staður þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram, sbr. 28. gr.

*Tollhöfn:* Staður þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur, geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar, sbr. 28. gr.

*Farartæki:* Sérhvert tæki sem nota má til flutnings á vörum.

*Skip:* Sérhvert fljóandi farartæki.

*Flugfar:* Sérhvert fljúgandi farartæki.

*Far:* Skip eða flugfar.

*Aðkomufar:* Far sem kemur frá útlöndum og ekki hefur fengið fyrstu aðkomuafgreiðslu í þeirri ferð. Aðkomufar skoðast einnig far sem tekið hefur við vörum eða mönnum utan tollhafnar úr öðru fari sem er í utanlandsferðum eða hefur haft önnur þess háttar samskipti við slík för.

*Far í utanlandsferðum:* Far sem flytur ótollafgreidda vöru frá útlöndum eða ferð þess er gerð til að lesta vöru til útlanda.

*Aðkomuafgreiðsla fars:* Þegar stjórnandi fars hefur afhent tollgæslunni tilskilin gögn og fengið leyfi hennar til samskipta skv. 3. mgr. 51. gr.

*Innflytjandi eða útflytjandi:* Hver sá sem með lögmatum hætti getur ráðstafað vöru til tollmeðferðar hjá tollyfirvaldi.

*Vara eða sending:* Hver sá hlutur sem tollmeðferð getur hlotið samkvæmt tollskrá.

*Tollur:* Gjald sem innheimt er af vöru samkvæmt tollskrá.

*Tollverð:* Verðmæti vöru til nota við álagningu tolls á innflutta vöru.

*Aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld:* Tollur svo og aðrir skattar og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru.

*Tollafgreiðsla vöru:* Þegar tollyfirvald hefur heimilað afhendingu vöru til nota innanlands eða til útflutnings.

*Tollvörugymsla:* Almenn tollvörugymsla, tollfrjáls forðageymsla og tollfrjáls verslun.

*Frísvæði:* Lokað svæði, sem tollyfirvöld annast tolleftrilít með, þar sem geyma má ótollafgreiddar vörur og reka iðnað, umpökkun, aðvinnslu og verslun með þær.

[*Tollabinding:* Hámark tolla samkvæmt hinum almenna samningi um tolla og viðskipti 1994 í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar er undirritaður var af Íslands hálfu 15. apríl 1994, [sbr. viðauka IIA og IIB við lög þessi. Einnig hámark tolla samkvæmt ráðherryfirlýsingu um viðskipti með vörur á sviði upplýsingatækni, sem undirrituð var í Singapore 13. desember 1996, sbr. viðauka IIC við lög þessi].<sup>2)</sup>

*Tollkvóti:* Tiltekið magn vöru sem flutt er inn á lægri tollum en getið er um í 4. gr.<sup>3)</sup>

[*Skjalasending milli tölva (SMT):* Sendingar á gögnum milli gagnavinnslukerfa sem fylgja ákveðnum stöðlum.

*Rammaskyrti:* Safn samstæðra gagna sem raðað er saman samkvæmt ákveðnum stöðlum fyrir skeyti til flutnings með rafeindaböðum milli tölva og forsníðið er þannig að unnt sé í tölvu að lesa það og vinna sjálfvirk á vélrænan og ótvíræðan hátt. Rammaskyrtin skulu gerð samkvæmt alþjóðlega

viðurkenndum staðli sem samþykktur hefur verið til nota við tollafgreiðslu af [ráðherra],<sup>1)</sup> sbr. staðal Sameinuðu þjóðanna (UN/EDIFACT) fyrir SÞ-rammaskeyti vegna tollafgreiðslu, og í þeim eiga að koma fram sömu upplýsingar og í þeim tollskjölum sem þau eiga að koma í staðinn fyrir og send eru á milli innflytjenda, útflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra, auk annarra upplýsinga sem um ræðir í lögum þessum.

*Gagnaflutningur:* Sending rammaskypta milli innflytjenda, útflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra vegna tollafgreiðslu.

*Gagnaflutningsnet:* Almenn gagnaflutningsnet ...<sup>2)</sup> sem notar viðurkenndan alþjóðlegan staðal, t.d. X. 400, og fullnægir skilyrðum [ráðherra]<sup>1)</sup> að öðru leyti.

*Gagnahólf:* Gagnahólf í gagnaflutningsneti, skráð á nafn SMT-notanda, þar sem unnt er að geyma rammaskyrti frá SMT-notanda og tollyfirvöldum.

*Lykilorð að gagnahólfi:* Sérstakt stafrænt auðkenni sem gerir SMT-notanda mögulegt að fá aðgang að gagnahólfi sínu í gagnaflutningsneti til að senda rammaskyrti eða veita þeim viðtöku.

[*Tölvukerfi tollyfirvalda:*]<sup>1)</sup> Tölvukerfi og hugbúnaður sem notaður er af tollyfirvöldum við tollafgreiðslu, m.a. álagningu aðflutningsgjalda og innheimtu þeirra.

*Umflutningur:* Flutningur vöru innan lands undir tolleftrilít frá aðkomufari um borð í útflutningsfar, enda sé upphaflegur ákvörðunarstaður vörunnar annar en Ísland.

*Leyndarkóðun og stafræn undirskrift:* Leyndarkóðun á rammaskyrti kemur í veg fyrir að annar en viðtakandi, sem hefur til þess réttan lykil, geti lesið innihald skeytisins. Með stafrænni undirskrift er tryggt að rammaskyrti hafi borist frá tilgreindum sendanda og innihaldi þess hafi ekki verið breytt.<sup>4)</sup>

□ Vara telst tekin til tollmeðferðar þegar eitthvert eftirtalinnna tilvika (a–d) á við:

a. Tollyfirvald hefur tekið við skjölum þeim varðandi vöru eða sendingu sem afhenda ber vegna tollmeðferðarinnar, enda fullnægi þau að öllu leyti skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að heimila afhendingu vörunnar þegar í stað.

b. Vara eða sending hefur verið skráð samkvæmt 3. mgr. 53. gr. og tollyfirvald heimilað afhendingu hennar.

c. Tollyfirvald hefur heimilað afhendingu vöru eða sendingar án eða gegn tryggingu.

d. Tollyfirvald hefur tilkynnt innflytjanda að vara eða sending verði seld [við nauðungarsölu]<sup>5)</sup> eða gert ráðstafanir til þess að selja vöru [við nauðungarsölu]<sup>5)</sup> ef ekki næst til innflytjanda til lúkningar tolli eða öðrum gjöldum sem innheimt eru vegna innflutnings, sbr. 111. gr.

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 81/1998, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 87/1995, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 69/1996, 1. gr. <sup>5)</sup> L. 90/1991, 91. gr.

**II. kafli. Tollskyldir aðilar.****Almenn tollskylda.**

■ **2. gr.** Hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða ábyrgur verður um greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga er tollskyldur, sbr. þó 3. gr., og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá.

*Takmörkuð tollskylda.*

■ **3. gr.** Þessir aðilar skulu ekki greiða toll af innfluttum vörum með þeim takmörkunum þó sem að neðan greinir:

1. ...<sup>1)</sup>

2. Sendiráð, sendiráðismannsskrifstofur, sendierindrekar og sendiráðismenn erlendra ríkja.

3. Kjöræðismenn erlendra ríkja að því er varðar tilteknar skrifstofuvörur, sbr. 2. mgr.

4. Aðilar sem undanþegnir eru tollskyldu með sérstökum lögum.

□ Ráðherra setur nánari reglur um tollfrelsi samkvæmt þessari grein og má binda tollfrelsi þeirra aðila sem er aðrir í 2. og 3. tölul. 1. mgr. því skilyrði að viðkomandi ríki sé aðili að Vínarsamningnum um stjórnmalasamband, sbr. lög nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmalasamband, Vínarsamningi um ræðissamband, sbr. lög nr. 4/1978, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband, eða íslenskir sendimenn og sendisveitir njóti sams konar tollfrelsis hjá viðkomandi ríki.

<sup>1)</sup> L. 84/2000, 5. gr.

### III. kafli. Tollskyldar vörur, undanþágur o.fl.

*Tollskyldar vörur og tollskrá.*

■ **4. gr.** [Af vörum, sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða toll eins og mælt er fyrir í tollskrá í viðauka I með lögum þessum sem hefur lagagildi. Tollur skal lagður sem verðtollur á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. og sem magntollur á vörumagn eftir því sem í tollskrá í viðauka I greinir. Aðra tolla og gjöld, sem mismuna innlendum og innfluttum framleiðsluvörum, má eigi leggja á vöruna við innflutning.

□ Ákvæði 1. mgr. skulu eigi koma í veg fyrir álagningu verðjöfnunargjalda samkvæmt ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga, sbr. 120. gr. laga þessara eða 72. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, enda rúmíst slík gjaldtaka innan tollabindinga, sbr. 3. mgr.

□ Tollur á vörur frá aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar má eigi vera hærri en þær tollabindingar sem tilgreindar eru í viðaukum [IIA, IIB og IIC]<sup>1)</sup> með lögum þessum. Miðist tollabinding bæði við verð og magn skal hámarkstollur miðast við þá bindingu sem hærri álagningu leyfir. Þó er heimilt að víkja frá ákvæðum um tollabindingar þegar ákvörðun er tekin um álagningu undirboðs- og jöfnunartolla skv. 115.–119. gr. og viðbótartolla skv. 120. gr. laga þessara, sbr. 74. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/1998, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 87/1995, 2. gr.

[*Tollfrjálsar vörur.*]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 104/2000, 1. gr.

■ **5. gr.** [Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt beinum fyrirmælum í tollskrá skulu eftirfarandi vörur vera tollfrjálsar:

1. Eftirtaldar vörur um borð í förum sem koma hingað til lands frá útlöndum:

a. Fylgífé fars sem er að mati tollyfirvalda ekki umfram það sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar fars og ferða þess, enda verði fylgíféð ekki flutt úr viðkomandi fari.

b. Hæfilegar vistir og aðrar nauðsynjar í fari sem er í utanlandsferðum, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega.

c. Vörur sem ekki á að flytja hér úr fari en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Sama gildir um vöru sem send er hingað til umflutnings.

2. Varningur sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum sem hér segir:

a. Venjulegur farangur áhafnar fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin notkunar áhafnar í fari að ræða. Jafnframt venjulegur farangur ferðamanna sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalda um ferðanauðsynjar til eigin nota þeirra á ferðalaginu að ræða.

b. Varningur, þ.m.t. áfengi og tóbak, sem ferðamenn og farmenn hafa með sér hingað til lands umfram það sem greinir í a-lið, að tilteknu hámarki sem ráðherra ákveður í reglugerð.<sup>1)</sup>

3. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis.

4. Heimilismunir manna sem flytjast búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár áður en hann fluttist til landsins. Tollfrelsi samkvæmt þessum lið tekur ekki til ökutækja eða annarra vélknúinna farartækja. Ráðherra getur með reglugerð<sup>2)</sup> takmarkað niðurfellingu samkvæmt þessum lið við notkun, vöruflokka eða hámarksverð að teknu tilliti til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna.

5. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaun fyrir íþróttafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis.

6. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu að mati tollyfirvalds fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.

7. Endursendar tómar umbúðir, enda séu að mati tollyfirvalds færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan.

8. Gjafir sem sendar eru hingað til lands í eftirfarandi tilvikum:

a. Gjafir sem aðilar búsettir erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, enda sé verðmæti gjafarinnar ekki meira en 7.000 kr. Sé verðmæti gjafar meira en 7.000 kr. skal gjöf þó einungis tollskyld að því marki sem hún er umfram þá fjárhæð að verðmæti. Brúðkaupsgjafir skulu vera tollfrjálsar þótt þær séu meira en 7.000 kr. að verðmæti, enda sé að mati tollstjóra um eðlilega og hæfilega gjöf að ræða.

b. Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi, svo og gjafir sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddir.

c. Gjafir sem ríki, sveitarfélögum eða stofnunum á vegum hins opinbera eru gefnar erlendis frá í vináttuskyni eða á grundvelli menningartengsla við erlend ríki.

9. Vísindatæki og vísindabúnaður sem íslenskar vísindastofnanir eða vísindastofnanir sem Ísland er aðili að kaupa fyrir styrki eða eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum.

10. Notaðir munir sem hafa fallið í arf erlendis, þó ekki ökutæki eða önnur vélknúin farartæki.

11. Sendingar vegna markaðssetningar og vörubrúnar sem hér segir:

a. Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, enda sé verðmæti sendingar óverulegt. Jafnframt sýnishorn verslunarvara sem gerð hafa verið ónothæf sem almenn verslunarvara.

b. Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætl-

uð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar, uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.

c. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar.

□ Ráðherra skal með reglugerð<sup>3)</sup> kveða nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt þessari grein.<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 526/2000, sbr. 791/2000. <sup>2)</sup> Rg. 797/2000. <sup>3)</sup> Rg. 797/2000. <sup>4)</sup> L. 104/2000, 1. gr.

[Niðurfelling, lækkun eða endurgreiðsla tolls.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 104/2000, 2. gr.

■ **6. gr.** [Tollur skal lækka, falla niður eða endurgreiðast í eftirfarandi tilvikum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru:

1. Í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum<sup>1)</sup> sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

[Tollar á vörur sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims skulu falla niður til samræmis við niðurfellingu tolla á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Pau ríki sem skilgreind eru sem fátækustu þróunarríki heims eru talin upp í viðauka V með lögum þessum.]<sup>2)</sup>

2. Vegna tímabundins innflutnings í eftirfarandi tilvikum:

a. Af vörum sem sendar eru til landsins til sýningar eða flutnings um stundarsakir, enda verði þær ekki nýttar til annars. Jafnframt af véllum, tækjum og öðrum áhöldum sem eru send til landsins til reynslu um stuttan tíma.

b. Af tækjum, verkfærum og öðrum búnaði sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota hér við athuganir sínar, rannsóknir og starfsemi.

c. Af vörum sem eru sendar tímabundið hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.

d. Af vörum sem fluttar eru tímabundið hingað til lands til að fram geti farið á þeim nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um þann hámarks tíma sem tollfrjáls innflutningur samkvæmt þessum tölulið tekur til, þó aldrei lengur en í tólf mánuði. Ráðherra getur jafnframt í reglugerð<sup>3)</sup> afmarkað nánar þær vörur sem ákvæðið tekur til.

3. Af bifreiðum, bifhjólum og tengivögnum sem skráðir eru erlendis og fluttir til landsins af mönnum sem hafa haft búsetu erlendis í a.m.k. eitt ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Undanþága þessi gildir í einn mánuð frá komu ökutækis til landsins.

Tollstjóri getur framlengt tímabundinn innflutning skv. 1. mgr. þessa töluliðar um allt að þrjá mánuði í senn, í allt að tólf mánuði alls, enda sýni viðkomandi fram á að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki, að hann hafi ekki búsetu hér á landi og að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Uppfylli innflytjandi ekki skilyrði 2. mgr. þessa töluliðar, þess efnis að hann hafi ekki launaða atvinnu og reki ekki fyrirtæki hér á landi, getur tollstjóri þó eigi að síður framlengt tímabilið í samræmi við ákvæði 2. mgr. gegn greiðslu tolls af sem nemur  $\frac{1}{60}$  hluta af tollverði viðkomandi ökutækis fyrir hvern byrjaðan mánuð sem leyfi er framlengt. Tollstjóri

getur heimilað greiðslu gjalda með skuldaviðurkenningu og fullnægjandi ábyrgð.

Ákvæði þessa töluliðar skulu gilda eftir því sem við getur átt um bifreiðar sem erlendir ferðamannahópar, ferðaskrifstofur eða aðrir sem atvinnu hafa af slíkum fólksflutningum flytja til landsins vegna hópferðalaga um landið, enda verði þær fluttar úr landi með þeim ferðamannahópi sem bifreiðin var ætluð í upphafi.

Ákvæði töluliðar þessa gilda með sama hætti um nýjar óskráðar bifreiðar og bifhjól sem keypt eru hér á landi. Ökutæki þessi skulu skráð sérstaklega og uppfylla frekari skilyrði sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Undanþága frá greiðslu tolls samkvæmt þessari málsgrein miðast við skráningardag ökutækis.

Þegar leyfi er veitt til tímabundins tollfrjáls innflutnings ökutækis samkvæmt þessum tölulið skal heimilt að flytja eldsneyti með ökutæki í innbyggðum eldsneytisgeymum þess án greiðslu aðflutningsgjalda. Jafnframt skal eiganda eða umráðamanni heimilt, ef ökutæki bílar eða verður fyrir tjóni, að flytja inn varahluti í ökutækið tollfrjálst.

4. Af stærri tækjum, þ.m.t. ökutækjum sem send eru hingað til lands til notkunar um stuttan tíma, þó ekki lengur en í tólf mánuði, og endursend eru þegar að notkun lokinni. Tollur skal í slíkum tilvikum reiknaður af leiguverði fyrir tækin í stað hefðbundins tollverðs. Liggi leiguverð tækis ekki fyrir má reikna toll af áætlaðri leigu sem ákvörðuð skal sem  $\frac{1}{60}$  hluti eðlilegs tollverðs fyrir hvern byrjaðan mánuð sem tækið er hér á landi.

5. Af vörum sem tollafgreiddar hafa verið hingað til lands en eru síðar seldar ónotaðar til útlanda eða í tollfrjálsa verslun.

6. Af vörum sem reynast gallaðar eða hafa eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tolyfirvalda, í viðurkenndum geymslum fyrir ótollafgreiddar vörur eða í flutningi milli tollhafna innan lands, áður en þær eru afhentar viðtakanda.

7. Af véllum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum sem ætlaðir eru til nota í flugvéllum og skipum. Sama gildir um hluti sem ætlaðir eru til viðgerða eða annarrar aðvinnslu flugvéla og skipa.

8. Af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem þökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar. Niðurfelling tolls af hráefni eða efnivöru samkvæmt þessum tölulið tekur ekki til vara sem magntollur (A1-tollur) er lagður á samkvæmt viðauka I við lög þessi.

9. Af véllum, vélarhlutum og varahlutum sem notuð eru til vinnslu á innlendum framleiðsluvörum.

10. Af tækjabúnaði og miðlum sem kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver nýta til starfsemi sinnar.

11. Af björgunarbúnaði og björgunartækjum, enda liggja fyrir staðfesting landssamtaka björgunarsveita á að búnaðurinn verði einungis nýttur í starfsemi björgunarsveita.

12. Af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

□ Ráðherra getur með reglugerð<sup>4)</sup> kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein. Hann getur gert það að skilyrði lækk-

unar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> Augl. 404/1987, sbr. 10/1988; rgl. 440/1991, augl. 325/1992, sbr. 362/1992; augl. 73/1993, augl. 161/1993, rg. 213/1993, augl. 319/1994, 320/1994, 321/1994, 322/1994, 323/1994, 372/1995, sbr. 546/1999; augl. 228/1996 og 813/1999. <sup>2)</sup> L. 85/2001, 1. gr. <sup>3)</sup> Rgl. 487/1994, sbr. augl. 308/1997 og 370/1998. <sup>4)</sup> Augl. A 12/1988, A 96/1988, A 95/1989, A 96/1989; Rg. 160/1990, sbr. 267/1991 og 791/2000; rgl. 627/1991, rg. 269/1993, rgl. 487/1994, sbr. augl. 308/1997 og 370/1998; rg. 445/1997, sbr. 538/1997 og 756/2000; rg. 719/2000, sbr. 791/2000; rg. 760/2000, rg. 797/2000, rg. 798/2000. <sup>5)</sup> L. 104/2000, 2. gr.

[Tollkvótar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1995, 3. gr.

■ **[6. gr. A.** Í viðaukum IIIA og B eru tilgreindir tollkvótar samkvæmt skuldbindingum Íslands í samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna innflutnings á því magni sem tilgreint er fyrir hvert árána 1995 til og með 2000. Um úthlutun þeirra fer skv. 53. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIA, skal vera 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.

□ Tollur á þær vörur, sem fluttar eru inn samkvæmt tollkvótum í viðauka IIIB, skal vera 30% en þó eigi hærra en í viðaukanum greinir. Við innflutning á fódurvörum og hráefnum í þær í 10., 11., 12., 17. og 23. kafla tollskrár skulu þó gilda þeir tolltaxtar sem tilgreindir eru í tollskrá í viðauka I.

□ Í viðaukum IVA og B eru tilgreindir tollkvótar sem landbúnaðarráðherra úthlutar skv. 53. gr. A laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. [Tollur á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt þeim tollkvótum sem tilgreindir eru í viðaukum IVA og B skal vera 0, 25, 50 eða 75 hundraðshlutar af þeim [verð- og/eða magntolli]<sup>1)</sup> sem lagður er á viðkomandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðar eins og hann er tilgreindur í viðauka IIA með lögum þessum.]<sup>2)</sup> [Ákvörðun landbúnaðarráðherra um lækkan tolls í samræmi við framangreinda hundraðshluta verð- og/eða magntolls skal ráðast af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar á innanlandsmarkaði. Hundraðshlutar tolls hvernar vöru skulu vera hærra eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu er meira en lækka að sama marki eftir því sem framboð á innlendri framleiðslu minnkar. Landbúnaðarráðherra skal við ákvörðun um hundraðshluta tolls leitast við að jafnræði ríki milli innlendrar og innfluttrar framleiðslu í samkeppnislegu tilliti.]<sup>1)</sup>

□ ...<sup>2)</sup>]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 86/2001, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 104/2000, 3. gr. <sup>3)</sup> L. 87/1995, 3. gr.

Vörur úr viðgerð og annarri aðvinnslu.

■ **7. gr.** Nú eru vörur sendar til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, málmhúðunar eða annarrar aðvinnslu, og þær breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnslna að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning þeirra er fullnægt þeim skilyrðum sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgreinar, og skal þá greiða af aðvinnslukostnaði, að viðbættum flutningskostnaði til landsins, þann toll sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni. ...<sup>1)</sup>

□ Vörur sem á ábyrgðartíma eru sendar utan til viðgerðar skulu við innflutning undanþegnar tolli, enda séu að mati tollstjóra færðar fullnægjandi sönnur á að viðgerðin sé viðkomandi að kostnaðarlausu og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

□ Breyti vörur, sem sendar eru utan til aðvinnslu, svo eðli sínu við aðvinnslna að úr verði nýir hlutir skal greiða af

þeim toll eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda, aðflutta vöru.

□ Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skulu notaðir hlutar í rafeindabúnað o.þ.h. tæki, sem koma í stað sams konar hluta, sem sendir hafa verið til viðgerðar í þjónustumiðstöðvar, tollafgreiddir með þeim hætti að tollur sé reiknaður af þjónustugjaldi samkvæmt reikningi hinnar erlendu þjónustumiðstöðvar, enda komi þar fram heiti og tegundarnúmer hlutar og gætt hafi verið að öðru leyti ákvæða 1. mgr.

□ [Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um tollmeðferð samkvæmt þessari grein og bundið hana þeim skilyrðum sem tryggja framkvæmd hennar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 3. gr.

#### IV. kafli. Tollmeðferð o.fl.

Tollverð og tollverðsákvörðun.

■ **8. gr.** Tollverð innfluttra vara er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar [við sölu þeirra til útflutnings til landsins]<sup>1)</sup> með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 9. gr., að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. Kaupanda séu engar takmarkanir settar um ráðstöfun eða notkun varanna, aðrar en takmarkanir sem

1. settar eru eða krafist verður með lögum eða af opinberum stjórnvöldum hér á landi,

2. takmarka þau landfræðilegu mörk þar sem endurselja má vörurnar eða

3. hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti varanna.

b. Salan eða verðið sé ekki háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirra vara sem verið er að virða.

c. Enginn hluti ágóða af síðari sölu, ráðstöfun eða notkun varanna af hálfu kaupanda renni beint eða óbeint til seljanda, nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingar í samræmi við ákvæði 9. gr.

d. Kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða séu þeir hvor öðrum háðir þá sé viðskiptaverðið nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt nánari reglum settum skv. 10. gr.

□ Samkvæmt lögum þessum skal því aðeins telja aðila, persónur eða lögaðila háða hvor öðrum að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

a. Þeir séu yfirmenn eða stjórnendur fyrirtækja hvor annars.

b. Þeir séu í lagalegum skilningi sameigendur fyrirtækis.

c. Þeir séu vinnuveitandi og starfsmaður hans.

d. Einhver aðili beint eða óbeint eigi, stjórnir eða hafi umráð yfir fimm hundraðshluta eða meira af atkvæðisrétti eða hlutabréfum hjá þeim báðum.

e. Annar þeirra stjórnir beint eða óbeint hinum.

f. Þriðji aðili stjórnir beint eða óbeint báðum.

g. Báðir saman stjórnir beint eða óbeint þriðja aðila.

h. Þeir séu í sömu fjölskyldu.

□ Aðilar, persónur eða lögaðilar sem eru í viðskiptasambandi hvor við annan, þannig að annar er einkaumbodsmaður, einkadreifingaraðili eða sérleyfishafi hins aðilans í hvaða mynd sem er, skulu taldir vera háðir hvor öðrum.

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 4. gr.

■ **9. gr.** Við ákvörðun tollverðs samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal bæta eftirtöldu við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hinar innflutta vörur:

a. Eftirtöldu, að svo miklu leyti sem það er borið af kaupanda en er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar:

1. Umboðslaunum og miðlaraþóknun, þó ekki kaupum-  
boðslaunum.

2. Gámakostnaði sem í tollalegu tilliti tilheyrir vörunum.

3. Þökkunarkostnaði, bæði fyrir vinnu og efni.

b. Viðeigandi hluta af verðmæti eftirtalinnna vara og þjón-  
ustu, sem látin er beint eða óbeint í té af kaupanda án greiðslu  
eða á lækkuðu verði, til notkunar í sambandi við framleiðslu  
og sölu hinna innfluttu vara til útflutnings að svo miklu leyti  
sem slíkt verðmæti er ekki innfalið í því verði sem raunveru-  
lega er greitt eða greiða ber:

1. Efnivara, hluta, parta o.þ.h. sem notað hefur verið í hin-  
ar innfluttu vörur.

2. Verkfæra, forma, móta o.þ.h. sem notað hefur verið við  
framleiðslu hinna innfluttu vara.

3. Efnivara sem eyðst hafa við framleiðslu hinna innfluttu  
vara.

4. Verkræðivinnu, þróunar, iðnlistar, hönnunar, áætlna  
og uppdráttu sem unnið hefur verið annars staðar en hér á  
landi og nauðsynlegt er til framleiðslu hinna innfluttu vara.

c. Einkaréttar- og leyfisgjöldum, sem tengd eru vörum  
þeim sem verið er að virða og kaupandi verður beint eða  
óbeint að greiða, sem skilyrði fyrir sölu þeirra, að svo miklu  
leyti sem þessi einkaréttar- og leyfisgjöld eru ekki innfalin  
í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber. Þetta  
tekur þó ekki til þess konar gjalda sem greidd eru fyrir fram-  
leiðslurétt á vörinni hér á landi.

d. Verðmæti sérhvers ágóðahlutar af síðari endursölu,  
ráðstöfun eða notum hinna innfluttu vara sem rennur beint  
eða óbeint til seljanda.

□ Eftirtalið skal innfalið í tollverði:

a. Flutningskostnaður hinna innfluttu vara til innflut-  
ningshafnar eða innflutningsstaðar.

b. Gjöld fyrir fermingu, affermingu eða meðferð hinna  
innfluttu vara vegna flutnings þeirra til innflutningshafnar eða  
innflutningsstaðar.

c. Vátryggingarkostnaður.

□ Viðbætur við það verð sem raunverulega er greitt eða  
greiða ber skal einungis ákvarða samkvæmt þessari grein á  
grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

□ Við ákvörðun tollverðs skal engu bætt við það verð sem  
raunverulega er greitt eða greiða ber nema það sé unnt sam-  
kvæmt ákvæðum þessarar greinar.

■ **10. gr.** [Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrir-  
mælum sett nánari reglur um ákvörðun tollverðs er taki mið  
af samningnum um framkvæmd VII. gr. hins almenna samn-  
ings um tolla og viðskipti 1994. Reglurnar skulu m.a. til-  
greina hvernig tollverð skal ákvarðað í þeim tilvikum sem  
ekki er hægt að ákvarða tollverð innflutningsvöru skv. 8. gr.  
og það sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 9. gr.  
□ Ráðherra er með sama hætti heimilt að setja reglur<sup>1)</sup>  
um mat á vörum til tollverðs og málsmeðferðarreglur þeg-  
ar ástæða þykir til að draga í efa sannleiksgildi vörureiknings  
og annarra þeirra atriða sem um ræðir í 8. gr. og þess sem  
bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 9. gr.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 374/1995. <sup>2)</sup> L. 87/1995, 4. gr.

■ **11. gr.** Kostnaði, gjöldum og öðrum útgjöldum, sbr. 9. gr.,  
sem til verður þegar sendar eru í einu farmskránumeri vörur  
sem flokkast í mismunandi tollskránumeri, skal jafnað hlut-  
fallslega niður á einstakar vörur í sendingu miðað við verð  
þeirra á innkaupsstað nema innflytjandi leggi fram sundur-  
liðaðan reikning um slíkan kostnað, gjöld og önnur útgjöld  
vegna einstakra vörutegunda.

□ Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er unnt hefði  
verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka  
þann og sendingarkostnað sem sá framhaldsflutningur hef-  
ur haft í för með sér enda sé gerð fullnægjandi grein fyr-  
ir kostnaðaraukanum. Þá skal og heimilt að draga frá þann  
hluta flutningsgjalds sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu  
við affermingu eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum  
en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostn-  
aðarauka.

■ **12. gr.** Sé verð vara, sem flokka ber í mismunandi toll-  
skránumeri og greiða ber af mismunandi háan toll, tilgreint  
í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörnum þann tollhund-  
raðshluta sem hvílir á þeirri vöru sem ber hæstan toll nema  
innflytjandi láti tolyfirvöldum í té upplýsingar sem þau meta  
fullnægjandi og byggja má ákvörðun á um tollverð einstakra  
vara í sendingu.

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1995, 5. gr.

Tollafgreiðslugengi.

■ **13. gr.** Ráðherra ákveður með reglugerð<sup>1)</sup> það tollaf-  
greiðslugengi sem nota skal við umreikning tollverðs vöru  
eða hluta þess yfir í íslenskar krónur. Þar skal jafnframt kveð-  
ið nánar á um gildistíma, fresti, bráðabirgðatollafgreiðslu,  
tollafgreiðslu þegar engrar skráningar gengis nýtur og annað  
er lýtur að gengisviðmiðun við tollafgreiðslu. Tollafgreiðslu-  
gengi skal miða við [opinbert viðmiðunargengi sem skráð er  
af Seðlabanka Íslands]<sup>2)</sup> þegar vara er tekin til tollmeðferðar,  
enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram innan tiltekins frests.  
Þó skal heimilt að ákveða að tollafgreiðslugengi gildi í fyrir-  
fram ákveðinn tíma, enda verði breytingar á skráðu [viðmið-  
unargengi]<sup>3)</sup> minni en 5%, eða miða við það [viðmiðun-  
argengi]<sup>3)</sup> myntar sem skráð er af Seðlabankanum og í gildi er  
þegar gjöld eru greidd.

□ [Seðlabanki Íslands skal tilkynna [tollstjórum]<sup>4)</sup> daglega  
um opinbert viðmiðunargengi erlendar myntar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 723/1997. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 5. gr. <sup>3)</sup> L. 81/1998, 3. gr. <sup>4)</sup> L. 155/2000, 2. gr.

**V. kafli. Aðflutningsskýrsla og aðrar skýrslugjafir.**

[SMT-tollafgreiðsla o.fl.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 6. gr.

■ **14. gr.** [Þeir sem stunda innflutning á vörum í atvinnu-  
skyni skulu áður en vara eða sending er tekin úr vörslu  
farmflytjanda eða annars vörsluaðila senda viðkomandi toll-  
stjóra með skjalasendingum milli tölva þær upplýsingar sem  
láta ber honum í té við tollafgreiðslu vara, hér eftir nefnt  
SMT-tollafgreiðsla. Þegar um er að ræða SMT-tollafgreiðslu  
skal viðkomandi veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöld-  
um, sbr. 109. gr., og hann skuldfærður fyrir lánuðum aðflut-  
ningsgjöldum, nema greiðsla í ríkissjóð fari þegar fram með  
SMT-millifærslu af bankareikningi innflytjanda. Sama gildir  
um þá sem hafa leyfi til að reka frísvæði eða almennar toll-  
vörugymslur og umboðsaðila er koma fram gagnvart toll-  
yfirvöldum við SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjenda  
eða viðtakenda vara, enda ábyrgjast þessir aðilar og innflyt-  
jendur eða viðtakendur vara *in solidum* greiðslu aðflutnings-  
gjalda. [Ábyrgð umboðsaðila eða rekstraraðila frísvæðis eða  
tollvörugymslu fellur þó niður hafi aðflutningsgjöld verið  
skuldfærð á innflytjanda eða viðtakanda vöru hjá tollstjóra,  
nema umboðs- eða rekstraraðili hafi ekki haft heimild frá inn-  
flytjanda eða viðtakanda til skuldfærslunnar eða ef umboðs-  
eða rekstraraðili vissi eða mátti vita að upplýsingar sem veitt-  
ar voru í tengslum við tollafgreiðslu væru rangar eða ófull-  
nægjandi.]<sup>1)</sup>

□ Aðflutningsskýrsla, sem send er með rammaskeyti, telst vera móttækin hjá tollstjóra við skráningu í tölvukerfi [tollyfirvalda].<sup>2)</sup> Vara eða sending telst þá vera tekin til tollmeðferðar, enda fullnægi upplýsingarnar, sem veittar eru með þessum hætti, að öllu leyti þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að heimila afhendingu vöru eða sendingar þegar í stað. Um ábyrgð leyfishafa á réttmæti þeirra upplýsinga sem koma fram í rammaskeyti fer eftir ákvæðum [16. gr.]<sup>1)</sup>

□ Þegar SMT-tollafgreiðsla fer fram skal innflytjandi senda aðflutningsskýrslu um viðkomandi vöru eða sendingu með rammaskeyti um gagnaflutningsnet til tollstjóra þar sem tollmeðferð á að fara fram. Innflytjandi skal nota gagnahólf sem skráð er á nafn hans. Sama gildir um þá sem hafa leyfi til að reka frísvæði eða almennar tollvöruheymslur og koma fram gagnvart tollyfirvöldum við SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjenda eða viðtakenda vara . . .<sup>1)</sup>

□ Rammaskeyti samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við fyrirmynd að rammaskeyti fyrir aðflutningsskýrslu eins og ákvæðið er af [ráðherra].<sup>2)</sup>

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> getur ákveðið að stöðva móttöku skeyta sem send eru í tölvukerfi [tollyfirvalda]<sup>2)</sup> vegna breytinga á aðflutningsgjöldum, tollskrá, tollgengi eða af öðrum ástæðum sem gera það nauðsynlegt að hans mati.

□ [Þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum vegna SMT-tollafgreiðslu skulu varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðsluna. Þeir skulu halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í rétttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskeyti sem þeir senda tollstjórum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskeyti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau ef þess er óskað.]<sup>1)</sup>

□ [Ef innflytjandi eða viðtakandi vöru er bókhaldsskyldur skal hann varðveita skrifleg gögn er varða innflutning og tollafgreiðslu í samræmi við ákvæði laga um bókhald, nr. 145/1994, og fyrirmæli sett samkvæmt þeim lögum. Ef innflytjandi eða viðtakandi vöru er ekki bókhaldsskyldur skulu tollstjóra afhent öll skrifleg gögn er snerta tollmeðferð vöru.]<sup>1)</sup>

□ Ráðherra getur með reglugerð<sup>3)</sup> sett almenn skilyrði sem innflytjendur og aðrir þurfa að uppfylla vegna SMT-tollafgreiðslu. Þar skal enn fremur kveðið á um tryggingar fyrir lánuðum aðflutningsgjöldum, frest til skila á upplýsingum um innflutta vöru, uppgjörstímabil, gjalddaga og skil aðflutningsgjalda, greiðslu kostnaðar vegna gagnaflutnings og gjaldtöku vegna þessarar tollmeðferðar, varðveislur gagna sem snerta tollmeðferð og innflutning vara, endurskoðun aðflutningsgjalda, tolleftirlit og önnur atriði eftir því sem nauðsyn ber til.

□ Sé vara ekki flutt inn í atvinnuskyni og innflytjandi, viðtakandi eða aðilar, sem fá heimild til að koma fram fyrir þeirra hönd, nýta ekki þjónustu þeirra sem um ræðir í 1. mgr. skulu þeir láta tollstjóra í té skriflega aðflutningsskýrslu um vöru áður en hún er tekin úr vörslu farmflytjanda, [póstþjónustuaðila]<sup>1)</sup> eða annars aðila sem hefur slíkar vörur í sinni vörslu.

□ Ráðherra getur í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum heimilað afhendingu og viðtöku póstsendinga og vara sem ekki eru á farmskrá, án þess að aðflutningsskýrsla samkvæmt þessari grein sé send eða afhent tollstjóra.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> getur ákveðið að taka upp leyndarkóðun og stafræna undirskrift í því skyni að vernda upplýsingar í

rammaskeyti og staðfesta uppruna þeirra.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/1998, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 155/2000, 3. gr. <sup>3)</sup> Rg. 228/1993, sbr. 857/2000; rg. 858/2000. <sup>4)</sup> L. 69/1996, 6. gr.

[Form aðflutningsskýrslu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 7. gr.

■ **15. gr.** [[Ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður form aðflutningsskýrslu og hvaða upplýsingar skuli þar koma fram, svo sem um innflytjanda, vöru, flutningsfar og annað sem nauðsynlegt getur talist og varðar innflutning. Ákvæði þetta gildir bæði um aðflutningsskýrslu sem send er tollstjóra með tollskjalasendingum milli tölva vegna SMT-tollafgreiðslu og skriflega aðflutningsskýrslu sem annars ber að afhenda tollstjóra.

□ [Tollstjórinn í Reykjavík]<sup>1)</sup> skal hafa til sölu eyðublöð fyrir skriflegar aðflutningsskýrslur. Er honum heimilt að ákveða verð eyðublaðanna með hliðsjón af kostnaði við prentun, dreifingu og aðra umsýslu tollyfirvalda.

□ Innflytjendur geta sjálfir lagt til eyðublöð fyrir aðflutningsskýrslur, enda uppfylli þau skilyrði<sup>2)</sup> sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur um form þeirra.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 4. gr. <sup>2)</sup> Rg. 228/1993, sbr. 857/2000; rg. 550/1997. Augl. 631/1997. Augl. 632/1997. <sup>3)</sup> L. 69/1996, 7. gr.

[Ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru með aðflutningsskýrslu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 8. gr.

■ **16. gr.** [Sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskeyti um gagnaflutningsnet vegna SMT-tollafgreiðslu ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef vöru hefði ekki verið ráðstafað til SMT-tollafgreiðslu. Þessi málsgrein tekur til innflytjanda og annarra sem ráðstafa vöru til SMT-tollafgreiðslu, auk aðila sem heimild hafa til að skuldbinda þá.

□ Innflytjandi, eigandi eða annar aðili, sem afhendir tollstjóra skriflega aðflutningsskýrslu eða veitir upplýsingar með öðrum hætti vegna tollafgreiðslu vöru, ber ábyrgð á því að þær upplýsingar séu réttar. Sama gildir um hvern þann sem kemur fram gagnvart tollstjóra fyrir hönd aðila sem um ræðir í þessari grein.

□ Sá aðili, sem sent hefur rammaskeyti eða aðflutningsskýrslu fyrir hönd innflytjanda, ber ekki ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum, nema hann hafi vitað eða mátt vita að upplýsingar innflytjanda væru rangar eða ófullnægjandi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 8. gr.

Tollverðsskýrsla.

■ **17. gr.** Sé verð það sem tilgreint er í vöru- eða sölu-reikningi ekki viðskiptaverð vöru, sbr. 8. gr., skal innflytjandi afhenda með aðflutningsskýrslu vegna ákvörðunar tollverðs sérstaka tollverðsskýrslu ef vara eða sending er endanlega tollafgreidd inn í landið. Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum ákveðið að tollverðsskýrsla sé afhent með aðflutningsskýrslu í öðrum tilvikum.

□ Tollverðsskýrslu skal innflytjandi gera skriflega á þar til gert eyðublað. Þegar heimilt er samkvæmt tollalögum að gefa aðflutningsskýrslu munnlega skal jafnframt heimilt að gefa munnlega tollverðsskýrslu. Ef upplýsingar þykja eigi fullnægjandi eða vafi þykir leika á um sannleiksgildi þeirra getur tollstarfsmaður krafist skriflegrar tollverðsskýrslu.

□ Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um gerð eyðublaða fyrir tollverðsskýrslur og útfyllingu þeirra.

*Vörureikningur.*

■ **18. gr.** Innflytjandi skal afhenda tollyfirvaldi frumrit eða samrit af vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu þegar afhendingar aðflutningsskýrslu er krafist skv. 14. gr. Tollyfirvald skal halda eftir nefndu reikningseintaki eða ein-taki af kröfuskjali sem sent er í öðru formi.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er tollyfirvaldi heimilt að taka við pro forma reikningum eða viðskiptareikningum í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún augljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi, til dæmis þegar um persónulega muni er að ræða.]<sup>1)</sup>

□ Ráðherra getur ákveðið með reglugerð<sup>2)</sup> eða öðrum fyrir-mælum að í vörureikningi skuli tilgreina tiltekin atriði sem varða innflutning vöru eða sendingar.

<sup>1)</sup> L. 81/1998, 5. gr. <sup>2)</sup> Rg. 228/1993, sbr. 857/2000.

■ **19. gr.** Innflytjandi vöru eða sendingar skal afhenda toll-yfirvaldi farmbréf eða undirfarmbréf, reikning yfir umbúða-kostnað, þökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum sem til-greind eru í aðflutningsskýrslu og vörureikningi eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningu hennar, magn og verð. Krefjast má þess að farmbréf eða undirfarmbréf sé afhent í fleiriti og má tollyfirvald þá halda eftir einu eintaki eða fleiri eftir þörfum. Tollyfirvald má gera afrit af staðfest-ingarskjölum ef ástæða þykir til.

□ Framkvæmd fríverslunar- og milliríkjasamninga um lækkun eða niðurfellingu tolla á vörum upprunnum í ákveðnum löndum má binda því skilyrði að innflytjandi leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir fyrir uppruna varanna. Ráðherra getur í reglugerð eða með öðrum fyrir-mælum sett nánari reglur þar að lútandi, svo og hvernig nauðsynlegu toll-efirliti skuli komið við.

[*Tollafgreiðsla farangurs ferðamanna og farmanna.*]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 9. gr.

■ **20. gr.** [Ferðamenn og farmenn, sem koma til landsins frá útlöndum, skulu gera tollgæslunni grein fyrir tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis. Sama gildir um varning sem er háður sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins. Þeim er skylt að opna töskur og aðrar umbúðir um farangur þegar tollvörður óskar þess, taka upp úr þeim og veita þá aðstoð og gefa þær upplýsingar um far-angurinn sem óskað er eftir.

□ Þar sem tollafgreiðsla ferðamanna fer fram er tollstjóra heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins og hins vegar fyrir þá sem hafa engan slíkan varning meðferðis. Farþegar skulu þá sjálfir velja sér tollaf-greiðslu og teljast þeir með vali sínu gefa til kynna hvort þeir hafi meðferðis varning sem þeim ber að gera tollgæslunni grein fyrir.

□ Taki tollgæslan farangur í sína vörslu til skoðunar síðar getur viðkomandi krafist þess að hann sé innsiglaður þar til skoðun fer fram og að honum verði gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina. Enn fremur skal honum látin í té full-nægjandi kvittun ef hann óskar þess.

□ Með ferðamönnum er í grein þessari átt við farþega sem koma til landsins frá útlöndum með skipum eða flugvéllum, en farmenn eru skipverjar og flugliðar sem eru í áhöfn slíkra fara.

□ Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um toll-afgreiðslu samkvæmt þessari grein.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 9. gr.

*Skjöl vegna bráðabirgðatollafgreiðslu.*

■ **21. gr.** Nú gerir innflytjandi vöru það sennilegt að hann hafi ekki fengið þau gögn sem 18.–20. gr. taka til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda innflytj-anda eða leyfa að afhenda innflytjanda vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji fjártryggingu fyr-ir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og afhendi eða leiðrétti gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártrygg-ingu upp í þau.

□ Heimila má farmflytjendum eða öðrum aðilum, sem geyma ótollafgreiddar vörur, að afhenda á eigin ábyrgð vörusendingar án fullnaðartollafgreiðslu, enda sé afhend-ing þeirra brýn og farmflytjandi taki tryggingu er nægi til greiðslu hins erlenda kaupverðs og allra ríkissjóðsgjalda og sé ábyrgur fyrir greiðslu þeirra ef innflytjandi stendur ekki sjálfur í skilum.

□ [Reynist við tollafgreiðslu nauðsynlegt að fresta loka-ákvörðun um tollverð vöru samkvæmt ákvæðum 8.–11. gr. eða önnur atriði sem lög þessi taka til skal innflytjanda engu að síður heimilt að leysa til sín vöruna, að því tilskildu að hann setji fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu aðflutnings-gjalda sem kunna að verða lögð á vöruna, tollstjóri telji ekki ástæðu til að halda vörunni vegna endanlegrar ákvörðunar um þau atriði sem upplýsingar skortir um eða ágreiningur er um og ákvæði annarra laga séu því ekki til fyrirstöðu.]<sup>1)</sup>

□ Ráðherra setur nánari reglur<sup>2)</sup> um bráðabirgðatollaf-greiðslu og má þar ákveða að innheimta skuli sérstakt af-greiðslugjald.

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 10. gr. <sup>2)</sup> Rg. 107/1997, sbr. 301/1997, 213/1998, 368/1998 og 309/2000; rg. 724/1997.

■ **22. gr.** [Tollyfirvald getur neitað um SMT-tollafgreiðslu ef upplýsingar, sem láta ber viðkomandi tollstjóra í té í rammaskyti sem sent er með skjalasendingum milli tölva, eru ekki réttar, þeim er áfátt eða öðrum skilyrðum um tollaf-greiðslu ekki fullnægt.

□ Sama gildir ef aðflutningsskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent eða öðrum settum skilyrðum um tollmeðferð vöru eða sendingar ekki fullnægt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 11. gr.

*Skilafrestur aðflutningsskjala.*

■ **23. gr.** Innflytjandi skal skila tollyfirvaldi aðflutnings-skýrslu ásamt tilheyrandi gögnum um vöru eða sendingu inn-an þess frests sem ákveðinn er í reglugerð.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 228/1993, sbr. 857/2000.

*Upplýsingaskylda.*

■ **24. gr.** [Tollyfirvöldum er skylt að veita almennar upplýs-ingar og leiðbeiningar um tollflokkun vöru, ákvörðun toll-verðs, gjaldtöku, útfyllingu á aðflutningsskýrslum, kæruleið-ir og hvaðeina sem lýtur að tollafgreiðslu, sbr. þó 141. gr.]<sup>1)</sup>

□ Innflytjandi skal samkvæmt ákvörðun tollyfirvalds leggja fram eða veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, bréfum, samningum og öðrum gögnum er varða innflutning vöru eða sendingar ef nauðsynlegt þykir til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslu, vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind.

□ Öllum aðilum, bæði tollskyldum og öðrum, er skylt að láta tollyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau fara fram á og snerta innflutning vöru eða sendingar. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um.

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 12. gr.

■ **25. gr.** Innflytjandi eða vörsluaðili vöru eða sendingar skal inná af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð sem nauðsynleg er við tollmeðferð hennar að dómi tollstarfsmanna, svo sem að opna umbúðir og ganga frá þeim að nýju.

□ Tollyfirvaldi er heimilt að fela tollstarfsmönnum eða ráða ákveðna menn til að vinna og aðstoða við tollmeðferð vöru eða sendingar, svo sem að opna umbúðir og loka að nýju á ábyrgð innflytjanda eða vörsluaðila og innheimta hjá innflytjendum þóknun<sup>1)</sup> fyrir þessi störf með aðflutningsgjöldum sé skyldu samkvæmt fyrri málsgrein ekki sinnt.

<sup>1)</sup> Rg. 107/1997, sbr. 301/1997, 213/1998, 368/1998 og 309/2000.

## VI. kafli. [Tollsvæði, tollumdæmi, tollhafnir, tollstjórar o.fl.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 9. gr.

### Tollsvæði.

■ **26. gr.** Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyrja, svo og tólf sjómílna landhelgi umhverfis það eins og hún er afmörkuð skv. 1. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

□ Til tollsvæðis ríkisins telst enn fremur loftrými yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

### Tollumdæmi.

■ **27. gr.** [Landið skiptist í tollumdæmi með sama hætti og stjórnsýslumdæmi sýslumanna eru mörkuð hverju sinni.]<sup>1)</sup> [Ráðherra getur þó með reglugerð breytt mörkum tollumdæma ef sérstaklega stendur á.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 92/1991, 95. gr. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 13. gr.

### Aðaltollhafnir og tollhafnir.

■ **28. gr.** Eftirtaldir staðir eru aðaltollhafnir:

1. Reykjavík
2. Akranes
3. Ísafjörður
4. Sauðárkrúkur
5. Siglufjörður
6. Akureyri
7. Húsavík
8. Seyðisfjörður
9. Neskaupstaður
10. Eskifjörður
11. Vestmannaeyjar
12. Keflavík
13. Keflavíkurflugvöllur
14. Hafnarfjörður

[15. Egilsstaðir]<sup>1)</sup>

[16. Höfn í Hornafirði

17. Þorlákshöfn.]<sup>2)</sup>

□ [Ráðherra ákveður með reglugerð hvar tollhafnir skuli vera, að fengnum tillögum viðkomandi tollstjóra, enda sé fullnægt skilyrðum 64. gr. laganna.

□ Við ráðstöfun á hafnarsvæðum, hafnarlóðum og öðrum svæðum, sem ætluð eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum, skulu sveitar- og hafnarstjórnir hafa samráð við viðkomandi tollstjóra.

□ Séu skilyrði til tollefirlits og vörslu á vörum í aðaltollhöfn eða tollhöfn ófullnægjandi getur ráðherra afturkallað tollhafnarréttindi að fenginni umsögn viðkomandi tollstjóra og tollstjórans í Reykjavík.

□ Tollstjórinn í Reykjavík skal annast úttektir á aðaltollhöfnum og tollhöfnum í umboði ráðherra. Tollstjórinn í Reykjavík skal hafa samráð við viðkomandi tollstjóra við úttekt á aðaltollhöfnum og tollhöfnum.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 40/1989, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 87/2000, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 155/2000, 5. gr.

■ **29. gr.** Þegar sérstaklega stendur á geta viðkomandi tollstjórar . . .<sup>1)</sup> veitt til þess leyfi hverju sinni að ferma megi eða afferma vörur úr fari utan tollhafna. Þeim sem slíkt leyfi fær er skylt að hlíta þeim skilyrðum sem tollstjóri setur fyrir undanþágunni og greiða allan kostnað sem af henni leiðir. [Tollstjóri]<sup>1)</sup> getur, þegar sérstaklega stendur á og með sama hætti, leyft fari að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna. [Tilkynna skal [tollstjóranum í Reykjavík]<sup>2)</sup> þegar um slíkt leyfi.]<sup>1)</sup>

□ Ráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð að vörur sem tollviltana njóta samkvæmt ákvæðum sérlaga og tilteknar vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur, skuli aðeins tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið.

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 15. gr. <sup>2)</sup> L. 155/2000, 6. gr.

[Yfirstjórn tollamála.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 7. gr.

■ **30. gr.** [Ráðherra er æðsti yfirmaður tollamála samkvæmt lögum þessum og hefur eftirlit með því að tollstjórar og ríkistollanefnd ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að athuga aðflutnings- og útflutningsskýrslur og öll gögn varðandi þær og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er varðar framkvæmd laga þessara. Sama skal gilda um framtöl og gögn varðandi þau sem um ræðir í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um virðisaukaskatt og talin eru varða tollamál sem tekið hefur verið til athugunar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 7. gr. Með lögum var embætti ríkistollstjóra lagt niður, sbr. 25. gr. þeirra. Fjármálaráðherra og tollstjórinn í Reykjavík taka við almennum réttindum og skyldum embættis ríkistollstjóra og við samningum við þriðja aðila eftir því sem við getur átt samkvæmt ákvæðum l. 155/2000, sbr. ákvæði til bráðabirgða við þau.

[Tollstjórar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 7. gr.

■ **31. gr.** [Tollstjórar eru tollstjórinn í stjórnsýslumdæmi Reykjavíkur og sýslumenn í öðrum stjórnsýslumdæmum, sbr. lög nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, með síðari breytingum.

□ Ráðherra skipar tollstjóran í Reykjavík til fimm ára í senn og skal hann fullnægja sömu almennu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti, sbr. lög nr. 92/1989, um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, með síðari breytingum.

□ Tollstjórar, hver í sínu tollumdæmi, annast álagningu og innheimtu tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum. Þeir annast jafnframt hver í sínu tollumdæmi eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu, svo og flutningi á ótollafgreiddum varningi innan lands, auk annars eftirlits lögum samkvæmt.

□ Ráðherra skipar aðaldeildarstjóra og deildarstjóra til fimm ára í senn. Tollstjóri skipar aðra tollverði og ræður aðra starfsmenn við embætti sitt, sbr. 39. gr. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 7. gr.



■ **32. gr.** [Fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra geta ákveðið að þar sem henta þykir skuli lögreglumenn annast tollefirlit jafnframt öðrum löggæslustörfum.

□ Fela má starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að annast tollefirlit.

□ Þegar lögreglumönnum, starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands eða öðrum er falið að vinna tollgæslustörf, án þess að þeir hafi tollgæslu að aðalstarfi, hafa þeir sömu heimildir til starfa og gegna sömu starfsskyldum og tollverðir.

□ Tollstjórar geta falið tollvörðum að gegna almennum löggæslustörfum, hverjum í sínu tollumdæmi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 7. gr.

[Eftirlit og samræming.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 7. gr.

■ **33. gr.** [Ráðherra hefur eftirlit með því að tollframkvæmdin sé í samræmi við lög, reglur og önnur fyrirmæli varðandi tollamálefni og alþjóðasamninga um þau efni sem Ísland er aðili að. Hann getur kannað tollskjöl aðila og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara og annarra laga um tolla og aðra skatta eða gjöld sem lögð eru á af tollstjórum eða umboðsmönnum þeirra. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá tollstjórum, umboðsmönnum þeirra og öðrum þeim sem fram koma gagnvart tollstjórum vegna tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum, svo og þeim sem um ræðir í 24. og 122. gr.

□ Tollstjórnin í Reykjavík skal í umboði ráðherra annast samræmingu tollframkvæmdar og eftirlits- og rannsóknarstarfa á tollsvæði íslenska ríkisins. Hann getur, að eigin frumkvæði eða samkvæmt kærui, hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar innflutning, umflutning og útflutning á vörum til og frá landinu og ferðir og flutning fara og fólks til og frá landinu, svo og flutning á ótollafgreiddum varningi innan lands samkvæmt lögum þessum eða öðrum lagafyrirmælum. Aðrir tollstjórar skulu veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd starfanna.

□ Ráðherra annast framkvæmd og samskipti við erlend tollfyrirvöld samkvæmt þeim milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og lúta að framkvæmd tollamála, nema annað sé þar ákveðið eða ráðherra ákveði annað.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 7. gr.

■ **34. gr.** [Ráðherra setur, að fengnum tillögum tollstjórans í Reykjavík, reglur varðandi tollframkvæmd sem gilda skulu um starfsemi tollstjóra og umboðsmanna þeirra.

□ Tollstjóranum í Reykjavík ber að veita tollstjórum og umboðsmönnum þeirra leiðbeiningar um tollframkvæmdina og kynna þeim dóma, úrskurði og aðrar ákvarðanir sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Hann skal einnig gefa út leiðbeiningar, úrskurði og önnur gögn sem hann metur að rétt sé að kynna fyrirtækjum og almenningi.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 7. gr.

■ **35. gr.** [Við embætti tollstjórans í Reykjavík skal vera tollskóli er veiti tollstarfsmönnum fræðslu í tollamálum. Gera má það að skilyrði fyrir ráðningu í fasta stöðu að viðkomandi hafi lokið prófi frá skólanum. Ráðherra setur nánari reglur um nám við skólann. Ráðherra er heimilt að ákveða að innheimt skuli gjald vegna kostnaðar sem hlýst af námskeiðshaldi við skólann fyrir aðra en tollstarfsmenn.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 7. gr.

■ **36. gr.** [Tollstjórnin í Reykjavík skal sjá um þróun og rekstur þess tölvu- og upplýsingakerfis sem notað er af hálfu tollfyrivalda við tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum.

Hann skal setja innflytjendum, útflytjendum, farmflytjendum og öðrum, sem senda tollfyrirvöldum upplýsingar vegna tollafgreiðslu um gagnaflutningsnet, samskiptareglur.

□ Ráðherra ákveður form tollskjala og eyðublaða sem notuð eru við tollframkvæmdina og hvaða atriði skuli tilgreina þar.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 7. gr.

■ **37. gr.** [Telji tollstjórnin í Reykjavík rétt að ákvörðun um atriði sem lúta að framkvæmd laga þessara eða annarra laga um tollamál, m.a. ákvörðun um gjöld og skatta sem tollstjórar leggja á og innheimta, sé endurskoðuð getur hann skriflega og með rökstuddum hætti mælt fyrir um að málið skuli tekið upp að nýju, enda séu skilyrði 98. og 99. gr. uppfyllt ef um hækkan gjalda er að ræða.

□ Ákvæði 1. mgr. taka ekki til úrskurðar og ákvörðunar tollstjóra skv. 100. og 142. gr.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 7. gr.

[Ríkistollanefnd.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 17. gr.

■ **38. gr.** [Ríkistollanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum sem til hennar er skotið skv. 101. og 102. gr. um ákvörðun tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu, tollverð, tollflokun og annað eftir því sem lög þessi mæla fyrir um.

□ Ráðherra skipar þrjá menn í ríkistollanefnd, þar af einn sem formann og skal hann fullnægja skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgöða þekkingu á tollamálum. Nefndarmenn skulu skipaðir til tveggja ára í senn. Við skipun í nefndina skal þess gætt að nefndarmenn séu óháðir tollfyrirvöldum og hagsmunaaðilum.<sup>1)</sup>

□ [Um kærur til ríkistollanefndar og störf hennar fer eftir ákvæðum 101. og 102. gr.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 81/1998, 9. gr.

[Skipun tollvarða og ráðning tollstarfsmanna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/1998, 10. gr.

■ **39. gr.** [Tollstjórar . . . <sup>1)</sup> skipa tollverði til fimm ára í senn og ráða aðra tollstarfsmenn og skipta með þeim störfum. Hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður skal hafa lokið prófi frá tollskóla eða hlotið sambærilega menntun. Tollverðir og aðrir tollstarfsmenn starfa í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollfyrivalds.

□ Tollstjórar . . . <sup>1)</sup> er heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa tollvarða. Jafnframt er tollstjóra . . . <sup>1)</sup> heimilt að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð meðan tekin er ákvörðun um hvort rétt sé að skipa tollvörð að fullu skv. 1. mgr. eða meðan hann stundar nám við tollskólann.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 81/1998, 10. gr.

[Vanhæfi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 17. gr.

■ **40. gr.** [Eigi má maður taka þátt í rannsókn eða annarri meðferð máls, hvorki ákvörðun né kærui, ef honum hefði borði að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 17. gr.

## VII. kafli. Almenn ákvæði um tollefirlit og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

*Almenn ákvæði um tollefirlit.*

■ **41. gr.** Þegar tollgæslumenn eru að störfum skulu þeir vera einkennisklæddir eða hafa í vörslum sínum og sýna, ef með þarf, einkennismerki sem ber skjaldarmerki ríkisins

og áletrunina: „Tollmerki Íslands“. Tollfáninn er þjóðfáninn, klofinn að framan, með upphafstéi (T) í efri stangarreit fánans.

□ Tollstarfsmenn, sem koma fram í einkennisbúningi sínum, sýna framangreint einkennismerki eða draga tollfánann að hún, hafa á fullnægjandi hátt gefið til kynna að þeir séu tollgæslumenn að starfi.

□ Lögreglumenn og áhafnir skipa og flugvéla Landhelgisgæslunnar skulu veita tollgæslunni aðstoð og vernd við framkvæmd tollgæslustarfa.

□ Skylt er mönnum að verða við kvaðningu um aðstoð við tollgæslumenn á sama hátt og mælt er fyrir í lögum um aðstoð við lögreglumenn.

■ **42. gr.** Tollgæslumönnum er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnar svæði og flugvelli. Þeir skulu hafa frjálstan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á vörum sem geymdar eru í vörugæmsluhúsum á framangreindum svæðum, svo og að öðrum húsum og stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæslumönnum heimill aðgangur að atvinnuhúsnæði ef ætla má að þar séu geymdar vörur sem ekki hafa fengið löglega tollmeðferð.

□ Tollgæslumönnum er heimilt að veita þeim mönnum eftirför sem skjóta sér undan eða grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tolleftriliti með innfluttar vörur og mega af sjálfsdáðum framkvæma leit í húsum þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

■ **43. gr.** Öll för sem eru á tollsvæði ríkisins eru háð eftirliti tollgæslunnar.

□ Tollgæslumönnum er heimilt að leita og rannsaka alls staðar í skipum og flugförum sem eru á tollsvæði ríkisins. Einnig er þeim heimilt að leita í öllum farartækjum sem eru á eða koma frá fermingar- og affermingarstöðum skipa og flugfara, svo og öðrum þeim stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar. Tollgæslumönnum er enn fremur heimilt að leita í öllum farartækjum sem þeir hafa grun um að flytji ólöglega innfluttar vörur.

□ Stjórnendum farartækja er skylt að stöðva þau þegar tollgæslumaður gefur um það merki.

□ Stjórnendum farartækja er skylt að veita tollgæslumönnum, sem eru að störfum við farartæki þeirra, alla þá aðstoð og hjálp sem þörf er á til þess að störfin gangi sem greiddast og gefa þeim nauðsynlegar upplýsingar. Þeim er einnig skylt að fara eftir fyrirmælum tollgæslunnar sem lúta að því að tryggja eftirlit með fermingu og affermingu.

■ **44. gr.** Tollgæslumönnum er heimilt að leita á mönnum sem eru í farartækjum, húsum eða á svæðum eða á leið frá farartækjum eða stöðum þar sem tollgæslumönnum er heimil rannsókn og skoðun á vörum.

□ Leit á manni má aðeins framkvæma samkvæmt skipun æðsta tollgæslumanns sem er viðstaddur þegar leitarinnar er þörf. Skal framkvæma hana með svo mikilli tillitsemi sem unnt er, og má hún aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er vegna tolleftrilitsins. Við leit á manni getur viðkomandi krafist þess að ákveðið vitni sé tilkvatt. Við nákvæma leit á manni skal þess gætt að hún sé framkvæmd af persónu af sama kyni.

■ **45. gr.** Tollgæslumönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur er flytjast til landsins, hvort sem um er að ræða vörur á farmskrá, póstflutning, farþegaflutning eða annað. Heimilt er að krefjast þess að vörurnar séu fluttar í húsa-

kynni tollgæslunnar eða á annan tiltekinn stað þar sem toll-  
eftirlit er framkvæmt og þeim framvísað þar til skoðunar.

□ Tollgæslumönnum er heimilt að skrá og merkja muni sem eru í íslenskum förum, hvort sem um er að ræða búnað þeirra eða einkaeign áhafnarinnar. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum ef þeir hverfa úr fari, nema gerð sé grein fyrir að þeir hafi farist eða verið fluttir úr farartækinu erlendis.

■ **46. gr.** Tollgæslumönnum er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef nauðsyn krefur.

□ Tollgæslumönnum er heimilt að handtaka mann sem staðinn er að eða grunaður um tollalagabrot og yfirheyrta eða fá hann lögreglunni í hendur. Um rannsókn og yfirheyrslu og aðra meðferð máls gilda ákvæði laga . . . <sup>1)</sup> um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

□ Rétt er tollgæslumönnum að leggja hald á muni sem teljast til sakargagna eða ætla má að hafi sönnunargildi í málum vegna tollalagabrota.

□ [Tollgæslumönnum er heimilt að nota handjárn og gasvopn við beitingu valds samkvæmt þessari grein. [Ráðherra]<sup>2)</sup> skal að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra setja reglur um hvaða tollgæslumönnum verði heimilað að bera og beita slíkum búnaði, notkun hans og þjálfun tollgæslumanna.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 19/1991, 194. gr. <sup>2)</sup> L. 155/2000, 10. gr. <sup>3)</sup> L. 104/2000, 4. gr.

■ **47. gr.** Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæslunnar fyrir farmrúm og vistageymslur farartækja, vörugæmslur eða aðra staði þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum farartækja og forstöðumönnum vörugæmslna að veita tolleftrilitsmönnum aðstoð við innsiglingu og lokun, svo og að vekja athygli tollgæslumanna á þeim stöðum þar sem innsigling eða læsing mundi ekki koma að haldi.

□ [[Ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður gerð innsigla og notkun þeirra.]<sup>2)</sup>

□ Verði læsing eða innsigling ekki við komið geta tollyfirvöld krafist þess að varsla varanna eða flutningur fari fram undir tolleftriliti á kostnað vörsluhafa eða farmflytjanda.

□ Innsigli eða læsingar sem tollgæslumenn setja má enginn nema tollgæslumaður rjúfa innan tollsvæðis ríkisins eða í fari á leið milli staða á tollsvæðinu.

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 11. gr. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 18. gr.

■ **48. gr.** Tollgæslumenn geta afkvið far sem komið er í höfn eða á flugvöll, svo og bannað umferð á svæðum þar sem ferming eða afferming vöru fer fram eða farþegar fara um á leið til eða frá fari í utanlandsferðum. Þeir geta ákveðið að farþegar eða aðrir megi einungis fara úr fari eða stíga um borð á ákveðnum stað. Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvald, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað í höfn er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

□ Óheimilt er að fara um borð í aðkomufar eða frá borði fyrir tollgæslumaður leyfir.

□ Hverjum, sem staddur er á hafnar svæði, flugvelli eða annars staðar þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar, ber að nema staðar þegar tollgæslumaður óskar þess og gera grein fyrir hvort hann hafi meðferðis ótollafgreiddar vörur.

■ **49. gr.** Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæsluna og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr

farinu. Ákveða má að slíka vöru skuli flytja úr farinu innan ákveðins frests frá komu farsins og á þeim tíma og með þeim hætti sem tollgæslan tiltekur eða ákveðið verður í reglugerð.

□ Skylt er farþegum og áhöfn að skýra ótilkvaddir frá tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis, opna töskur og aðrar umbúðir um farangur þegar tollgæslumaður óskar þess, taka upp úr þeim og veita alla aðstoð og gefa þær upplýsingar sem óskað er eftir.

□ Taki tollgæslan farangur eða föggur í sína vörslu til skoðunar síðar getur viðkomandi krafist þess að þær séu innsiglaðar þar til skoðun fer fram. Skal hlutaðeigandi gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina.

■ **50. gr.** [Tollstjórar annast rannsókn brota á lögum þessum að svo miklu leyti sem slík rannsókn er ekki í höndum lögreglu. Skulu þeir, hvenær sem þess er þörf, hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um refsivert brot. Hafi tollstjóri utan embættis tollstjórans í Reykjavík grun um að stórfelld tollsvik hafi verið framin skal hann þegar tilkynna það til tollstjórans í Reykjavík. Um rannsókn skulu að öðru leyti gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mála.]<sup>1)</sup>

□ Tollyfirvald getur krafist hvern þann sem flytur eða ætla má að flytji inn vörur eða selur slíkar vörur um skýrslu varðandi þær.

□ Gjaldeyrisstofnunum, greiðslukortafyrirtækjum og öðrum sem annast gjaldeyrisviðskipti er skylt að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur er þau óska eftir og unnt er að láta þeim í té.

□ Í reglugerð má ákveða að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum um leið og þær eru tollafgreiddar eða síðar til sönnunar því að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Þegar merking vöru er ákveðin skal ákveða þeim frest sem eiga slíkar vörur til að framvísa þeim við tollyfirvöld til merkingar. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 12. gr.

■ **[50. gr. A.** Ef grunur leikur á að innflutningur eigi sér stað á vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum er tollstjóra heimilt, að beiðni réttihafa, að fresta tollafgreiðslu vörunnar á meðan réttihafi leitar bráðabirgðaaðgerða hjá þar til bærum yfirvöldum og í framhaldi af þeim hefur málarekstur fyrir dómstólum. Eftirfarandi skilyrði eru fyrir heimild tollstjóra:

a. að réttihafi leggi fram skriflega beiðni til tollstjóra um að tollafgreiðslu verði frestað og skuldbindi sig til að greiða þann kostnað sem leiðir af aðgerðum tollyfirvalda,

b. að réttihafi leggi fram fullnægjandi gögn þess efnis að hugverkaréttindi njóti verndar hér á landi, að hann sé handhafi þess réttar og að innflutningur vörunnar muni brjóta á rétti hans; hann skal jafnframt leggja fram nógu nákvæma lýsingu á vörunni til að tollyfirvöld geti borið kennsl á hana,

c. að réttihafi leggi fram tryggingu í formi fjárgreiðslu, eða með öðrum þeim hætti er tollstjóri telur fullnægjandi, er nægi til að bæta réttihafa, eiganda eða innflytjanda vörunnar það tjón eða kostnað sem óréttmæt frestun tollafgreiðslu kann að hafa í för með sér.

□ Hafi fullnægjandi gögn verið lögð fram er tollstjóra heimilt að fresta tollafgreiðslu vörunnar í allt að 10 virka daga. Hann skal þegar í stað tilkynna bæði réttihafa og eiganda vörunnar eða innflytjanda um ákvörðun sína. Hafi réttihafi eigi innan framangreinds frests hafist handa við að leita réttar síns hjá þar til bærum yfirvöldum, og tilkynnt tollyfirvöldum slíkt skriflega, er heimilt að tollafgreiða sendinguna. Heimilt er að

framlengja framangreindan frest um 10 virka daga ef sérstakar ástæður mæla með því.

□ Tollstjóri getur að eigin frumkvæði ákveðið frestun tollafgreiðslu þegar hann hefur í höndum fullnægjandi gögn þess efnis að varan brjóti gegn hugverkaréttindum. Skal hann tilkynna réttihafa um ákvörðun sína með skriflegum hætti þegar í stað og gefa honum frest í þrjá virka daga frá móttöku bréfs til að fara fram á frestun tollafgreiðslu skv. 1. mgr. Geri réttihafi ekki tímanlega kröfu um frestun er heimilt að tollafgreiða vöruna.

□ Ef beiðni um bráðabirgðaaðgerð er synjað eða dómstóll hafnar því að um brot á hugverkarétti sé að ræða skal tollstjóri afturkalla ákvörðun sína um frestun tollafgreiðslu. Nú er með dómi kveðið á um að um brot á hugverkarétti sé að ræða og í dóminum er eigi mælt fyrir um ráðstöfun vörunnar og er þá tollyfirvaldi heimilt að farga vörunni eða að ráðstafa henni á annan þann hátt sem ekki brýtur á rétti réttihafa. Hafi dómi verið áfrýjað skal fresta förgun eða ráðstöfun vöru þar til niðurstöður liggja fyrir.

□ Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um vörur í litlu magni í farangri ferðamanna eða litlar vörusendingar, enda sé ekki um innflutning í viðskiptaskyni að ræða. Einnig eru undanskildar vörur sem settar hafa verið á markað í öðru landi af réttihafa eða með hans samþykki og vörur í umflutningi.

□ Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um frestun tollafgreiðslu. Hann getur jafnframt gert réttihafa að greiða geymslukostnað og þann kostnað sem tollyfirvöld hafa af framangreindum ráðstöfunum. Ráðherra getur ákveðið að framangreind ákvæði taki til útflutnings á vörum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1995, 6. gr.

*För í utanlandsferðum.*

■ **51. gr.** Skylt er aðkomufari að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó 29. gr.

□ Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollgæslunnar sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld og stjórnanda fars hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugför skulu afgreidd þar á flugvelli sem tollgæslan ákveður í samráði við flugvallarstjóra.

□ Aðkomufar má ekki hafa neitt samband við land eða menn úr landi fyrr en aðkomuafgreiðsla þess hefur farið fram og að fengnu leyfi tollgæslunnar.

□ Utan tollhafna mega íslensk för ekki taka við mönnum eða vörum úr aðkomuförum, hleypa mönnum út í þau né hafa við þau önnur samskipti, nema tilneydd séu.

□ Ef tollgæslumenn óska að komast um borð eða frá borði er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

□ Tollyfirvaldi er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðisins nema í tollhöfnum.

□ Far, sem statt er í neyð eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega, er undanþegið ákvæðum 1. mgr., en stjórnandi farsins skal þó tilkynna viðkomandi tollstjóra komu sína svo fljótt sem verða má og forðast öll ónauðsynleg samskipti við land þar til tollafgreiðslu er lokið.

■ **52. gr.** Stjórnanda fars ber að tilkynna tollgæslunni um komu þess með hæfilegum fyrirvara.

□ Flugumferðarstjórnin skal gefa tollgæslunni allar nauðsynlegar upplýsingar um komu og brottför flugfara í utanlandsferðum. Slíkar upplýsingar skal jafnan gefa svo fljótt sem við verður komið. Flugumferðarstjórninni ber einnig að

öðru leyti að veita tollgæslunni þá aðstoð sem unnt er í sambandi við framkvæmd starfa hennar.

□ Starfsmenn hafna og skipaðir [leiðsögumenn]<sup>1)</sup> skulu gefa tollgæslunni allar nauðsynlegar upplýsingar um ferðir skipa. Þeir skulu einnig gera henni viðvarf ef þeir í starfi sínu eða stöðu komast að því að brotin hafi verið eða brjóta eigi ákvæði laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 20. gr.

■ **53. gr.** [[Ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður form skýrslna og skjala vegna fara í utanlandsferðum og hvaða upplýsingar skuli þar koma fram, svo sem um flutningsfar, vörur sem það flytur og annað sem nauðsynlegt getur talist og varðar ferðir þess til og frá landinu. Ákvæði þetta gildir bæði um skýrslur og skjöl sem sendar eru tollstjóra með skjalasendingum milli tölva vegna SMT-tollafgreiðslu og um skriflegar skýrslur og skjöl sem annars ber að afhenda tollstjóra. Upplýsingar þessar skulu sendar eða afhentar fyrir eða við komu fars inn á tollsvæði ríkisins en fyrir brottför sé far á leið til útlanda. Ákvæði 14.–25. gr. skulu að öðru leyti gilda eftir því sem við getur átt um slíkar SMT-tollafgreiðslur.]<sup>2)</sup>

□ Stjórnanda fars ber að veita tollgæslunni allar upplýsingar sem þörf er á um farið, farm þess og farþega. Hann skal vísa á alla innganga í farmrúm svo og allar geymslur og aðra staði þar sem geyma má vörur og honum er eða ætti að vera kunnugt um.

□ Í reglugerð<sup>3)</sup> eða öðrum fyrirmælum má ákveða að farmflytjandi, miðlari eða annar umboðsmaður skrái innfluttar vörur áður en þær eru afhentar úr vörslu farmflytjanda, sbr. 3. mgr. 14. gr.

□ Heimila má að miðlarar eða aðrir umboðsmenn geti fyrir hönd stjórnanda fars afhent þau skjöl og gefið þær upplýsingar sem honum ber að annast samkvæmt lögum þessum.

□ Tollgæslunni er jafnan heimilt að taka í sína vörslu þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars svo og áhafnarskrá og önnur skjöl sem þörf er á. Skjöl þessi ber í hverri höfn að afhenda stjórnanda fars er hann hefur greitt lögboðin gjöld vegna þess og innt af hendi aðrar lögboðnar skyldur.

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 13. gr. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 21. gr. <sup>3)</sup> Augl. 662/1997.

■ **54. gr.** [Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar tollhafnar sem er ákvörðunarstaður þeirra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 22. gr.

■ **55. gr.** Stjórnandi fars sem er í millilandaferðum skal við komu inn á tollsvæði ríkisins hafa í sinni vörslu og læsa inni forða og birgðir sem eru umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í farinu. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar sem ekki á að flytja í land og tollafgreiða. Stjórnandi fars ber ábyrgð á því að allt fari undir lás sem þar skal vera og ekkert hverfi undan lás.

□ Tollgæslunni er heimilt að innsigla þann varning sem um getur í 1. mgr. og skráir þá tollgæslumaður það sem undir innsigli er sett.

□ Stjórnandi fars skal gera skrá yfir vörur skv. 1. mgr. við komu fars inn á tollsvæði ríkisins.

□ Setja má í reglugerð ákvæði um hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars svo og venjulegan farangur áhafnar.

□ Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands ber stjórnanda þess, ef innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrir en tollgæslan hefur gefið leyfi til þess.

□ Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars nema aðflutningsgjöld séu greidd af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning sem lög hafa að geyma.

■ **56. gr.** Afferming fars er háð eftirliti tollgæslunnar og má ekki hefjast nema með leyfi hennar. Slíkt leyfi skal að jafnaði ekki veitt fyrir en afhent hafa verið tilskilin skjöl.

□ Við affermingu í neyð ber stjórnanda fars að tilkynna um hana strax og auðið er.

□ Að lokinni affermingu í hverri höfn er stjórnanda fars eða afgreiðslumanni þess skylt að láta tollgæslunni í té nákvæma skrá um talningu á þeim vörum sem affermdar hafa verið í höfninni. Sé talning þessi ekki framkvæmd má tollgæslan láta gera hana á kostnað farmflytjanda.

□ Finnist í fari ótollafgreidd vara sem ekki hefur verið gerð grein fyrir samkvæmt lögum þessum eða settum ákvæðum skal farmflytjandi greiða allan kostnað við leit í því og má kyrrsetja farið á hans kostnað uns leit er lokið. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða minni háttar ólöglegan innflutning í vörslum áhafnar eða farþega.

■ **57. gr.** Tollgæslumenn geta jafnan ákveðið að með far, sem kemur frá innanlandshöfnum eða skip sem kemur af veiðum, skuli farið sem aðkomufar að því er toleflirlit varðar.

■ **58. gr.** Án leyfis tollgæslunnar má enginn ferma vörur í far sem ætlar til útlanda. Þetta nær þó ekki til afla sem tekinn er um borð í skip á veiðisvæðum.

□ Sé varan flutt í far án samþykkis tollgæslunnar ber stjórnanda farsins að afferma það aftur ef tollgæslan telur það nauðsynlegt vegna eftirlits með vörnunni eða ákvörðun gjalda af henni.

■ **59. gr.** Skip sem er á leið til útlanda skal hafa seinustu viðkomu hérlendis í aðaltollhöfn, sbr. þó 29. gr. Ákvæði þetta á ekki við um fiskiskip sem fer til veiða eða siglir til útlanda beint af veiðum og eingöngu með afla.

□ Áður en far leggur upp í ferð til útlanda ber stjórnanda þess að tilkynna tollgæslunni um það með hæfilegum fyrirvara.

■ **60. gr.** Þegar lokið er á hverri höfn affermingu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess innan frests sem ákveðinn verður með reglugerð að afhenda viðkomandi tolyfirvaldi skrá um alla sýnilega vöntun og skemmdir á vörum sem komið hafa í ljós við afferminguna. Tollyfirvald getur látið fara fram rannsókn á vöruvöntun og skemmdum eftir því sem við verður komið.

■ **61. gr.** Skylt er eigendum eða umráðamönnum skipa og flugfara sem annast reglubundnar ferðir milli landa að leggja tollgæslunni til án endurgjalds nægilegt húsrými til eftirlits með farþegum og áhöfn. Kjósi tollgæslan að koma upp slíku húsrými ber þeim að greiða fyrir afnot þess eftir því sem ákveðið verður.

□ Kostnað við flutning tollgæslumanna frá tollstöð til og frá skipi við komu þess og brottför, svo og að og frá flugvelli við komu og brottför flugfars, ber eigendum eða umráðamönnum að greiða. Kostnaði þessum fylgir lögveð í förumum.

□ Stjórnanda fars ber að sjá tollgæslumönnum, sem sendir eru með farinu hafna á milli til eftirlits, fyrir farrými og fæði endurgjaldslaust.

□ Ef stjórnandi fars, afgreiðslumaður eða útgerð fullnægja ekki skyldum sínum samkvæmt ákvæðum þessa kafla ber þeim að greiða tollgæslunni allan kostnað<sup>1)</sup> sem leiðir af þeim

ráðstöfunum sem hún telur nauðsynlegar vegna vanrækslunnar. Kostnaði þessum fylgir lögveð í förum.

<sup>1)</sup> Rg. 107/1997, sbr. 301/1997, 213/1998, 368/1998 og 309/2000.

■ **62. gr.** Ákvæði þessa kafla taka ekki til erlendra herskipa eða herflugfara sem leita hér hafnar. Stjórnendur þeirra eru þó skyldir til að gera tollgæslumönnum fullnægjandi grein fyrir að um herfar sé að ræða og má krefjast þess að slík greinargerð sé gefin skriflega.

□ Með þeim undantekningum sem leiðir af varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna Norður-Ameríku, sbr. lög nr. 110/1951, eru för, sem í 1. mgr. getur, undanþegin innsigling vista, birgða eða annars varnings um borð.

□ Áður en tollskyldar vörur eru fluttar í land úr förum sem um ræðir í 1. mgr. ber yfirmanni þeirra að afhenda tollgæslunni skrá um vörurnar. Tollgæslan hefur sömu heimildir til hvers konar eftirlits með slíkum vörum, svo og öðrum varningi sem fluttur er til landsins.

□ Ákveða má að ákvæði þessarar greinar skuli einnig gilda að einhverju eða öllu leyti um önnur för en herskip og herflugför sem eru opinber eign og fara eingöngu í opinberum erindagerðum og flytja ekki vörur eða farþega gegn greiðslu.

□ Skemmtiferðaskip, sem koma hingað eingöngu með farþega og hvorki taka hér né setja í land farþega eða vörur, eru undanþegin ákvæðum um innsiglingu forða enda greiði þau kostnað af tollefirliti um borð.

*Um vörslu og tollmeðferð aðfluttra vara.*

■ **63. gr.** Tollgæslunni er jafnan heimilt að taka ótollafgreiddar vörur í sína vörslu á kostnað farmflytjanda svo og til geymslu og tollafgreiðslu ef nauðsyn krefur.

□ Ákveða skal í reglugerð<sup>1)</sup> gjald fyrir geymslu og meðferð varanna. Einnig má þar setja ákvæði er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

<sup>1)</sup> Rg. 107/1997, sbr. 301/1997, 213/1998, 368/1998 og 309/2000.

■ **64. gr.** Eigendur eða umráðamenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli tollhafna innanlands, skulu hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslu- og afgreiðslustöðum fyrir slíkar vörur og skal þeim haldið þar aðgreindum frá öðrum varningi.

□ Geymslu- og afgreiðslustaðir þessir skulu viðurkenndir af viðkomandi tollstjóra . . .<sup>1)</sup> Skulu það vera hús eða afgirt svæði eftir eðli vörunnar, liggja vel við affermingu og eftirliti og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett verða um slíkar geymslur. Hús þessi og svæði má, ef þurfa þykir, setja undir lás tollgæslunnar og skal þannig frá þeim gengið að því verði auðveldlega við komið.

□ Þeim sem geyma ótollafgreiddar vörur er skylt að láta tollgæslunni ókeypís í té fullnægjandi aðstöðu í vörugæslum sínum til tollefirlits og rannsóknar á vörum og enn fremur þau áhöld og tæki sem nauðsynleg eru til slíks eftirlits að mati tollstjóra.

□ Ef geymsluhús eða svæði eru ekki í fullnægjandi ásigkomulagi á hverjum tíma, og geymsluhafi bætir ekki úr því innan þess frests sem tollstjóri tiltekur, getur hann látið bæta úr ágöllum á kostnað geymsluhafa eða svipt hann rétti til að nota geymsluna.

□ Sé ótollafgreidd vara flutt úr fari í geymsluhús eða á svæði sem er það langt frá farinu að þaðan má ekki fullkomlega fylgjast með flutningi varanna á geymslustaðinn að dómi tollgæslunnar ber stjórnanda fars að greiða þann aukakostnað sem leiðir af þeim öryggisráðstöfunum sem tollgæslan telur nauðsynlegar til að tryggja fullt eftirlit með flutningi varanna á geymslustaðinn.

□ [Farmflytjendum er heimilt að geyma umflutningsvörur í geymslu- eða afgreiðslustöðum sem viðurkenndir hafa verið samkvæmt þessari grein.]<sup>1)</sup>

□ Ráðherra setur með reglugerð<sup>2)</sup> eða öðrum fyrir mælum nánari ákvæði um vörugæmslur og vörslu ótollafgreiddrar vöru. Má þar ákveða viðurlög við því ef afgreiðslumenn eða aðrir óhlýðnast settum fyrir mælum um vörslu og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

□ Geymsluhöfum ber að greiða ríkissjóði kostnað<sup>3)</sup> við tollefirliti í vörugæmslum sínum sem ekki getur talist þáttur í almennu tollefirliti, svo sem fyrir útgáfu vottorða um endursendingar á vörum, gegnumflutning, aðstoð við mat á vörum til ákvörðunar tollverðs og aðra þjónustu eftir nánari ákvörðun ráðherra.

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 23. gr. <sup>2)</sup> Rg. 627/1991. <sup>3)</sup> Rg. 107/1997, sbr. 301/1997, 213/1998, 368/1998 og 309/2000.

■ **65. gr.** Utan þeirra húsa eða geymslusvæða sem tollgæslan rekur eða viðurkennd hafa verið skv. 64. gr. er óheimilt að geyma ótollafgreidda vöru, nema að fengnu sérstöku leyfi viðkomandi tollstjóra. Þeim er slíkt leyfi fær skal skylt að hlíta þeim skilyrðum sem tollstjórnin . . .<sup>1)</sup> setur fyrir leyfinu og greiða allan kostnað við eftirlit með vörinni.

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 24. gr.

■ **66. gr.** Stjórnendum farartækja, skipaafgreiðslum og öðrum, sem hafa ótollafgreiddar vörur í sínum vörslum til flutnings eða geymslu, er óheimilt að afhenda þær viðtakanda eða láta þær á annan hátt af hendi úr vörugæmslu eða farartæki án leyfis tollstjóra.

■ **67. gr.** Eigandi eða umráðamaður farartækis eða vörugæmslu ábyrgist greiðslu á aðflutningsgjöldum af vörum sem hafa verið afhentar eða teknar í notkun án þess að gætt hafi verið ákvæða laga þessara og má gera lögtaf í eignum þeirra fyrir aðflutningsgjöldunum ásamt kostnaði.

■ **68. gr.** [Póstþjónustuaðili]<sup>1)</sup> annast vörslu á ótollafgreiddum póstsendingum.

<sup>1)</sup> L. 81/1998, 12. gr.

*Um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands.*

■ **69. gr.** Farmflytjanda sem flytur vöru til landsins er heimilt án sérstaks leyfis tollstjóra að flytja hana milli viðurkenndra vörugæmsluna, sbr. 64. gr., svo og milli tollumdæma, enda sé hún flutt til ákvörðunarstaðar sem er tollhöfn og í viðurkennda vörugæmslu, sbr. þó 29. gr. Farmflytjandi skal þegar tilkynna viðkomandi tollstjórum um slíkan flutning.

□ Flutningur á póstsendingu sem er í vörslu póststjórnarinnar er einnig heimill án sérstaks leyfis tollstjóra.

■ **70. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur veitt öðrum en þeim sem um ræðir í 69. gr. sérstakt leyfi til að annast flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Slíkt leyfi má m.a. binda því skilyrði að ríkissjóði sé sett trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, svo og að slíkar vörur megi aðeins flytja með sérstaklega útbúnum farartækjum.

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 14. gr.

■ **71. gr.** Sá sem annast framhaldsflutning á ótollafgreiddri vöru skv. 69. og 70. gr. ber ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af henni.

■ **72. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flutning á ótollafgreiddum vörum skv. 69.–71. gr., m.a. um tilkynningu til tollstjóra um flutning og hvaða skjöl og skilríki skuli afhent tollstjórum vegna slíks flutnings.

**VIII. kafli. Tollvörugæmslur.**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 56/1961, sbr. 633/1980.

*Almennar tollvörugeymslur.*

■ **73. gr.** Ráðherra getur heimilað sveitarfélögum, félögum eða einstaklingum að koma á fót og reka almenna tollvörugeymslu. Leyfi skal binda því skilyrði að þeir aðilar, sem í 74. gr. getur, eigi þess kost að fá leigð afnot af geymslum með kjörum sem ráðherra samþykkir. Ákvæði 64. gr. gilda um geymslur þessar eftir því sem við getur átt.

□ Ráðherra er heimilt að ákveða að tollgæslan stofni og reki almennar tollvörugeymslur á höfnum þar sem þess þykir þörf og húsakynni og aðrar aðstæður eru fyrir hendi til að reka slíkar geymslur. Í geymslum þessum lætur tollgæslan þeim aðilum, er í 74. gr. getur, í té aðstöðu til að koma aðfluttum vörum í tollgeymslu gegn leigu- og eftirlitsgjaldi sem ákveðið skal í reglugerð.

□ Leyfi til reksturs almennrar tollvörugeymslu má binda því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af geymslu ótollafgreiddra vara þar.

■ **74. gr.** Innflytjendur geta komið vörum í almennar tollvörugeymslur án undanfarandi greiðslu aðflutningsgjalda. Vörur, sem settar eru í slíkar geymslur, skulu hljóta endanlega tollafgreiðslu áður en þær eru fluttar úr geymslunni nema þær séu fluttar til annarra tollhafna eða milli tollvörugeymslna samkvæmt þeim reglum sem gilda um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Einnig er heimilt að flytja vörur milli almennra tollvörugeymslna, eða úr slíkri geymslu í tollfrjálsar forðageymslur, og í birgðageymslur tollfrjálsra verslana.

□ Sé heimilt að endurgreiða gjöld af hráefni í innlenda vöru við útflutning hennar skal heimilt að setja slíkar útflutningsvörur í tollvörugeymslur og endurgreiða framangreind gjöld þegar varan er komin í tollvörugeymsluna.

□ Vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvörugeymslu, skal tollafgreiða endanlega innan þriggja ára frá komudegi flutningsfars til landsins. Ráðherra getur þó í reglugerð ákveðið annan frest ef sérstakar ástæður mæla með því.

*Tollfrjálsar forðageymslur.*

■ **75. gr.** Ráðherra getur leyft skipaútgerðum og flugfélögum, sem eiga farartæki að staðaldri í förum milli Íslands og annarra landa, að geyma vistir, útbúnað og annan forða fyrir þau farartæki í tollfrjálsum forðageymslum án greiðslu aðflutningsgjalda.

□ Ákvæði 1. mgr. taka ekki til veiðiskipa sem sigla með eigin afla á erlendan markað.

■ **76. gr.** Í tollfrjálsar forðageymslur má setja eftirtaldir vörur:

a. Vörur sem fluttar eru inn í því skyni.

b. Vörur sem keyptar eru hérlendis ótollafgreiddar og fluttar eru í geymsluna úr almennri tollvörugeymslu eða úr vörugeymslu skipa- eða flugfélags sem hefur heimild til að geyma ótollafgreiddar vörur.

c. Vörur úr birgðum skipa eða flugvéla geymsluhafa.

d. Innlendir framleiðsluvörur.

□ Þegar heimilt er að endurgreiða gjöld af hráefni í vöru við útflutning má einnig endurgreiða þessi gjöld þegar vöru hefur verið komið í tollfrjálsa forðageymslu.

■ **77. gr.** Úr tollfrjálsri forðageymslu má aðeins flytja vörur sem birgðaförða beint í farartæki sem er í utanlandsferðum, enda verði vörurnar einungis notaðar í því farartæki. Í reglugerð getur ráðherra leyft sölu birgða og annars forða í innlend farartæki sem að staðaldri eru í utanlandsferðum eða erlend

farartæki sem hér hafa skamma viðdvöl, svo og endurúttflutning eða endursendingu á þessum vörum. Enn fremur má ef sérstaklega stendur á, t.d. ef vörur liggja undir skemmdum, heimila tollafgreiðslu á þeim til neyslu eða sölu innanlands, að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

■ **78. gr.** Vörur úr tollfrjálsri forðageymslu má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til annarra tollhafna ef fylgt er þeim skilyrðum sem tolyfirvöld setja hverju sinni um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn. Undanskilja má vissa vöruflokka slíkum flutningi.

*Tollfrjálsar verslanir.*

■ **79. gr.** [Fjármálaráðherra er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurluguvelli, Keflavíkurluguvelli, Akureyrarfluguvelli, Egilsstaðafluguvelli og Ísafjarðarfluguvelli í tengslum við farþegaflug milli landa. Heimild þessi gildir einnig um sams konar rekstur í Reykjavíkurluguvelli, Ísafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn, Seyðisfjarðarhöfn og Vestmannaeyjahöfn. Birgðir slíkra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.]<sup>1)</sup>

□ Tollfrjálsur verslunum er eingöngu heimilt að selja vörur sínar farþegum og áhöfnum millilandafara. Fyrirskipa má að vörur þessar séu afhentar kaupanda í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum sem kaupandi ber ábyrgð á, að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrir en komið er út fyrir tollsvæði ríkisins. Enn fremur er verslunum sem hér um ræðir heimilt samkvæmt reglum er ráðherra setur að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis.

□ Verslanir og birgðageymslur samkvæmt þessari grein eru háðar tolleftrilíti og gilda um birgðageymslurnar ákvæði laga þessara, eftir því sem við á.

□ Ráðherra getur heimilað einkasölu ríkisins að selja skipum og flugvélum í utanlandsferðum vörur sínar sem neysluforða tollfrjálst og samkvæmt sérstökum reglum um álagningu. Einkasölu ríkisins skulu endurgreidd aðflutningsgjöld af þeim vörum sem þannig eru seldar.

□ Leyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar má binda því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af geymslu ótollafgreiddra vara þar.

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 25. gr.

*Almenn ákvæði um tollvörugeymslur.*

■ **80. gr.** Tollgæslan getur, hvenær sem er, gert birgðatölningu í tollvörugeymslum. Geymsluhafi eða leyfishafi skal leggja til þá aðstoð sem þarf til að talning verði framkvæmd.

□ Leyfishafi og geymsluhafi eru skyldir til að færa nákvæmt birgðabókhald og sýna tollgæslunni það hvenær sem krafist er. Þeir eru skyldir til að gefa tollgæslumönnum hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir varðandi geymslurvörur og veita þeim hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf þeirra.

■ **81. gr.** Óheimilt er að flytja vörur í tollvörugeymslu nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því tollumdæmi þar sem tollvörugeymslan er. Ákvæði þetta gildir þó ekki um vörur sem fluttar eru í tollfrjálsa forðageymslu úr birgðaförða fars.

■ **82. gr.** Vörur má ekki flytja úr tollvörugeymslu nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því tollumdæmi þar sem tollvörugeymslan er. Ákvæði þetta gildir hvorki um vörur í tollfrjálsum forðageymslum né um vörur sem seldar eru úr tollfrjálsur verslunum.

■ **83. gr.** Geyma má í tollvörugeymslum vörur sem einkasala ríkisins nær til liggi fyrir leyfi viðkomandi einkasölu.

■ **84. gr.** Óheimilt er að neyta varnings sem er í tollvörugeymslu eða nota hann á annan hátt innan tollvörugeymslunnar.

■ **85. gr.** Aðflutningsgjöld miðast við það vörumagn sem sett var í tollvörugeymslu.

□ Komi fram vöntun á vörum sem leyfi hefur verið veitt til að settar verði í tollvörugeymslu, hvort sem vöntun kemur fram við flutning í eða eftir að þær hafa verið settar í tollvörugeymslu, er geymsluhafi eða leyfishafi skyldur að greiða af þeim aðflutningsgjöld. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 104/2000, 5. gr.

■ **86. gr.** Ákvæða má í reglugerð lágmark þess vörumagns sem hverju sinni má setja í tollvörugeymslu eða taka úr henni. Ekki má þó leyfa að vörur séu teknar úr venjulegum heildsöluumbúðum í tollvörugeymslu til að skipta þeim í smærri einingar til tollafgreiðslu. Heimilt skal þó að taka úr geymslu sýnishorn af vöru þótt í smærri stíl sé en hér var greint samkvæmt reglum sem um það verða settar.

■ **87. gr.** Ákvæði IV. kafla, um tollmeðferð o.fl., V. kafla, um aðflutningsskýrslu og aðra skýrslugjöf, og VII. kafla, um almenn ákvæði um tollefirlit og meðferð ótollafgreiddra vara, skulu gilda eftir því sem við getur átt um vörur sem settar eru í tollvörugeymslur.

■ **88. gr.** Í reglugerð skulu sett ákvæði um birgðabókhald og aðra bókfærslu í sambandi við tollvörugeymslur. Á sama hátt skal setja reglur um tollafgreiðslu vara í tollvörugeymslu og færslu vara milli tollvörugeymslna.

■ **89. gr.** Þeim sem leyfi hafa til reksturs tollvörugeymslu ber að greiða ríkissjóði kostnað við tollefirlit með tollvörugeymslu eða vörum í henni eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð, sbr. 8. mgr. 64. gr.

#### IX. kafli. Tollfrjáls svæði.

■ **90. gr.** Ríkisstjórnin getur heimilað að komið verði upp tollfrjálsu svæðum, frísvæðum. Ákvæði 73. gr. skulu gilda um slíka leyfisveitingu.

■ **91. gr.** Eigendum frísvæðis er skylt:

a. Að geyma vörur í húsnæði eða á athafnasvæði sem samþykkt er af tollyfirvöldum eða á annan þann hátt er tollyfirvöld ákveða.

b. Að sjá til þess að ótollafgreiddar vörur fari hvorki út af frísvæðinu án leyfis tollyfirvalda né verði notaðar á annan veg en leyfilegt er.

c. Að færa þær skrár og gefa þær upplýsingar um rekstur frísvæðisins sem tollyfirvöld ákveða.

d. Að láta í té þá aðstoð sem til þarf við eftirlit með starfsemi frísvæðisins og til skoðunar á vörum sem þar eru geymdar.

■ **92. gr.** Vörur sem geymdar eru á frísvæði geta hlotið þar aðvinnslu vegna verzlunar með þær, m.a. til að auka gæði þeirra eða viðskiptavirði. Ráðherra setur nánari reglur um slíka aðvinnslu.

□ Einkaneysla eða einkanot á vörum sem fluttar hafa verið inn á frísvæði án greiðslu aðflutningsgjalda eða gegn endurgreiðslu gjalda er óheimil. Ákvæði þetta á þó ekki við um leyfileg not af tollfrjálsum forða fars. Kaup eða sala svo og hvers konar afhending eða viðtaka á nefndum vörum til slíkra nota er jafnframt óheimil á frísvæðinu.

■ **93. gr.** Ráðherra getur sett nánari reglur um flutning á vörum inn á frísvæði og ákveðið að sérstakt fyrirkomulag skuli gilda um geymslu þeirra og flutning þar.

■ **94. gr.** Flutning vöru til og frá frísvæði skal tilkynna viðkomandi tollyfirvaldi. Um flutning vöru af frísvæði í tollvörugeymslur gilda ákvæði VIII. kafla.

■ **95. gr.** Aðflutningsgjöld af vöru sem tekin er til tollmeðferðar vegna sölu eða afhendingar eða eigin nota hér á landi miðast við tollflokkun hennar samkvæmt tollskrá þegar hún er tekin til tollmeðferðar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

■ **96. gr.** Ákvæði V. kafla, um aðflutningsskýrslur og aðrar skýrslugjafir, og VII. kafla, um tollefirlit og meðferð ótollafgreiddrar vöru, gilda um frísvæði eftir því sem við getur átt, m.a. um meðferð og flutning vara milli frísvæðis og annarra staða tollsvæðisins.

□ Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gæslu frísvæða og um nauðsynlegar takmarkanir á umferð til þeirra og frá.

#### X. kafli. Álagning tolla, úrskurður tollstjóra, kærur o.fl.

[Álagning tolla og annarra gjalda.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 26. gr.

■ **97. gr.** [Tollstjórar annast álagningu tolla og annarra gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu vara.

□ Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflytjandi eða umboðsmaður hans skuli reikna út tolla og önnur gjöld í aðflutningsskýrslu.

□ Ef tollstjóra er látin í té útreiknuð aðflutningsskýrsla má hann leiðrétta augljósar reiknings skekkjur. Enn fremur má hann leiðrétta einstaka liði aðflutningsskýrslu ef óyggjandi upplýsingar eru fyrir hendi, en gera skal hann innflytjanda viðvart um slíkar breytingar.

□ Ef aðflutningsskýrslu er ekki skilað innan tilskilins frests, sbr. 3. mgr. 14. gr. og 23. gr., getur tollstjóri áætlað aðflutningsgjöld eða knúið innflytjanda til að skila aðflutningsskýrslu með stöðvun tollafgreiðslu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 26. gr.

■ **98. gr.** [Komi í ljós eftir að aðflutningsskýrsla hefur verið látin tollstjóra í té að hún eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl eru ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt eða undirrituð á ófullnægjandi hátt eða tollstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skora á viðkomandi að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skýringar og þau gögn sem tollstjóri telur þörf á. Fáir tollstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests leggur hann toll og önnur gjöld á samkvæmt aðflutningsskjölum og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á aðflutningsskýrslu, svar frá viðkomandi berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir eða send gögn eru ófullnægjandi eða tortryggileg skal tollstjóri áætla aðflutningsgjöld.

□ Telji tollstjóri að mat vegna ákvörðunar tollverðs eða annarra atriða sem varða tollafgreiðslu vöru sé eigi á færi annarra en sérfróðra manna skal honum heimilt án dómskvaðningar að láta mat fara fram á kostnað innflytjanda. Um matið skulu gilda ákvæði IX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eftir því sem við getur átt. Tollstjóra er einnig heimilt að láta fara fram sérfræðilega rannsókn á vöru á kostnað innflytjanda sé það talið nauðsynlegt vegna tollflokunar hennar samkvæmt tollskrá.

□ Ef innflytjandi vill ekki una við ákvörðun tollstjóra samkvæmt þessari grein getur hann óskað eftir úrskurði tollstjóra skv. 100. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 26. gr.

[Endurákvörðun gjalda.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 26. gr.

■ **99. gr.** [Tollstjóri skal í samræmi við ákvæði þessarar greinar endurákvörða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu.

□ Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té við tollafgreiðslu fullnægjandi upplýsingar og, eftir atvikum, gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun aðflutningsgjalda innan 60 daga, talið frá því að hann heimilaði afhendingu vöru. Hafi heimild verið veitt til innflutnings vöru tímabundið en síðan komið til endanlegrar tollafgreiðslu hennar skal frestur til endurákvörðunar vera 60 dagar, talið frá því að aðflutningsgjöld voru ákvörðuð.

□ Áður en til endurákvörðunar tollstjóra á aðflutningsgjöldum kemur skv. 1. mgr. skal hann tilkynna viðkomandi skriflega um að til endurákvörðunar geti komið og lýsa í meginatriðum þeim ástæðum sem hann telur að eigi að leiða til þess. Skal tollstjóri jafnframt gefaviðkomandi kost á að tjá sig um hina fyrirhuguðu endurákvörðun innan hæfilegs frests og, eftir atvikum, framvísa þeim gögnum sem hann telur máli kunna að skipta við þá ákvörðun. Tilkynningu um að til endurákvörðunar geti komið skal tollstjóri senda eigi síðar en 45 dögum frá því að afhending vöru var heimilud.

□ [Tollstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti aðila til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu.]<sup>1)</sup> Innflytjanda skal tilkynnt um endurákvörðun með ábyrgðarbréfi og honum jafnframt bent á heimild til að kæra hana til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr.

□ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er tollstjóra heimilt að endurákvörða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, í eftirfarandi tilvikum, enda sé gætt ákvæða 3. og 4. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á:

1. Hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látin voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga.

2. Hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Það getur m.a. átt við hafi innflytjandi áður fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi ákvörðun tollstjóra um tollflokkan vöru í tiltekið tollskránumer samkvæmt tollskrá en síðan tollflokkað sams konar vöru í annað tollskránumer við tollafgreiðslu eða áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda í ákveðnu tollskránumeri án athugasemda eða með samþykki tollstjóra.

3. Þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða.

□ Um greiðslu vaxta vegna oftekinna aðflutningsgjalda gilda ákvæði laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, með síðari breytingum.

□ Um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum gilda ákvæði vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/1998, 13. gr. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 26. gr.

[Kæur til tollstjóra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 26. gr.

■ **100. gr.** [Telji innflytjandi ákvörðun tollstjóra um gjaldskyldu, tollflokkan, tollverð eða fjárhæð aðflutningsgjalda við tollmeðferð vöru eigi rétta getur hann sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi

tollstjóra. Ef ágreiningur er um tollmeðferð vöru sem hefur verið endanlega tollafgreidd skal kæra send tollstjóra innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi . . . ]<sup>1)</sup>

□ Telji tollstjóri óljóst á hvaða rökum kæra er reist eða að fylgigögn séu ófullnægjandi skal hann gefa kæranda kost á að bæta úr því innan hæfilegs tíma. Ef þess er eigi gætt varða meinbugir frávisun kæru.

□ Úrskurða skal um kæru svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur þannig að ljóst megi vera á hvaða forsendum hann er byggður. Innflytjanda skal sendur úrskurður í ábyrgðarbréfi og honum bent á heimild til að kæra úrskurðinn til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr., [eða [ráðherra],<sup>2)</sup> sbr. 102. gr.]<sup>3)</sup><sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/1998, 14. gr. <sup>2)</sup> L. 155/2000, 15. gr. <sup>3)</sup> L. 104/2000, 6. gr. <sup>4)</sup> L. 69/1996, 26. gr.

[Kæur til ríkistollanefndar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 27. gr.

■ **101. gr.** [Innflytjandi getur skotið úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr., þó ekki úrskurði sem kæranelegur er til ráðherra skv. 102. gr., og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstagningu úrskurðar eða ákvörðunar.]<sup>1)</sup>

□ [[Tollstjórnin í Reykjavík]<sup>1)</sup> getur kært úrskurð tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr., úrskurð tollstjóra skv. 100. gr., [þó ekki úrskurð sem kæranelegur er skv. 102. gr.],<sup>2)</sup> og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan sama frests og greindur er í 1. mgr.]<sup>3)</sup>

□ Kæur skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Vanreifun varðar frávisun.

□ Nefndin skal tafarlaust senda [tollstjóranum í Reykjavík]<sup>1)</sup> endurrit eða ljósrit af kæru innflytjanda og þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru hans. Skal nefndin gefa aðilum kost á að koma fram með andsvör sín og gögn innan hæfilegs frests.

□ [Nefndin skal hafa úrskurðað í öllum kærnum innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Sé munnlegur málflytningur viðhafður skal úrskurður kveðinn upp innan 30 daga frá lokum málflytninga.]<sup>4)</sup> [Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og heimildum tollflokkan, tollverð eða álagning séu byggð.]<sup>3)</sup>

□ [Ríkistollanefnd er heimilt að kveðja sér til aðstoðar við úrlausn ágreiningsmála sérfróða menn og krefjast upplýsinga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

□ Úrskurður ríkistollanefndar er fullnaðarúrskurður á stjórnýslystugi. Málskot til almennra dómstóla um úrlausnarefni sem farið hefur fyrir nefndina frestar eða breytir ekki niðurstöðu hennar fyrr en dómur er genginn.]<sup>4)</sup>

□ Nefndin getur ákveðið málflytning ef mál er flókið eða yfirgripsmikið og má hann vera munnlegur. Um málflytning skulu gilda almennar reglur um málflytning fyrir héraðsdómi, um vanhæfi, aðstoð sérfróðra manna o.fl., eftir því sem við á.

□ Telji nefndin mál ekki nægilega upplýst getur hún beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

□ Berist nefndinni kæra og hún er rökstudd með tollskjölum, sem ekki hafa sætt efnisúrlausn hjá tollstjóra, getur nefndin sent kærana til tollstjóra til uppkvaðningar úrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna aðila um þá ákvörðun.

□ [Nefndin skal úrskurða kæur um gjöld sem tollstjórar leggja á innfluttar vörur samkvæmt ákvæðum annarra laga, nema úrskurður tollstjóra sæti kæru til [ráðherra],<sup>1)</sup> sbr. 102.



gr. Gilda ákvæði þessarar greinar um slíkar kærur eftir því sem við getur átt.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 16. gr. <sup>2)</sup> L. 104/2000, 7. gr. <sup>3)</sup> L. 81/1998, 15. gr. <sup>4)</sup> L. 69/1996, 27. gr.

[Kærur til ráðherra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 17. gr.

■ **102. gr.** [[Heimilt er að skjóta úrskurðum tollstjóra, öðrum en þeim sem sæta kæru til ríkistollanefndar, til ráðherra innan 60 daga frá uppkvaðningu úrskurðar.]<sup>1)</sup>

□ Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal úrskurða um kæru innan 30 daga frá því er hún barst honum. Úrskurður [ráðherra]<sup>1)</sup> er fullnaðarúrskurður á stjórnarsýslustigi.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal úrskurða kærur um gjöld sem tollstjórar leggja á innfluttar vörur eftir ákvæðum annarra laga ef ágreiningur varðar lækkun eða niðurfellingu gjalds á grundvelli 3. gr., 5. gr. eða 2.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga þessara eða ef sérstaklega er tekið fram í viðkomandi lögum að ákvörðun sú sem ágreiningur er um sæti kæru til [ráðherra].<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 104/2000, 8. gr.

## XI. kafli. Innheimta aðflutningsgjalda o.fl.

*Gjalddagi, greiðslufrestur og greiðslustaður.*

■ **103. gr.** [Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem heimild hefur verið veitt til að settar séu í tollvörugeymslu eða fluttar á frísvæði, falla í gjalddaga þegar tollstjóra hefur verið afhent aðflutningsskýrsla yfir vöru ásamt tilskildum gögnum eða leyfi verið veitt til afhendingar vöru enda hafi flutningsfar tekið höfn. Aðflutningsgjöld skulu þó falla í gjalddaga eigi síðar en einu ári talið frá komudegi flutningsfars til landsins.]<sup>1)</sup>

□ Aðflutningsgjöld af vörum sem heimilað hefur verið að setja í tollvörugeymslu eða fluttar á frísvæði falla í gjalddaga þegar beiðni um úttekt ásamt tilskildum gögnum hefur verið afhent tollstjóra, sbr. 87. gr. og 96. gr.

□ Um eindaga aðflutningsgjalda fer samkvæmt ákvæðum 108. og 109. gr., sbr. 105. gr.

□ Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum sem skráðar eru í sama farmskránum (sendingarnúmeri). Þó skal samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur heimila innflytjanda greiðslu aðflutningsgjalda af vöru sem er hluti vörusendingar í farmskránum, enda hafi verið gefið út undirfarmskránum eða undirflugfarmbréf vegna vörunnar eða aðstæður verða að öðru leyti taldar þess valdandi að ástæða sé til þess að veita innflytjanda heimild til tollafgreiðslu á hluta vörusendingar.

<sup>1)</sup> L. 96/1987, 10. gr.

■ **104. gr.** Sé vara flutt inn til einkanota eða einkaneyslu skulu aðflutningsgjöld ávallt greidd þegar heimild til afhendingar hennar er veitt.

□ Sé varan flutt inn af aðila sem ekki á lögheimili hér á landi skulu aðflutningsgjöld greidd þegar heimild til afhendingar vöru er veitt.

□ Sé bú innflytjanda tekið til gjaldþrotaskipta . . . <sup>1)</sup> eða [opinberra skipta eftir lát hans og erfingjar hans taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum búins],<sup>2)</sup> skulu aðflutningsgjöld greidd þegar heimild til afhendingar vöru er veitt. Sama gildir sé innflytjandi ekki fjár síns ráðandi eða komi í ljós við aðför eða með öðrum hætti að innflytjanda vöru er tímabundið ómögulegt að greiða skuldir sínar eða hefur óskað eft-

ir [heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 21/1991, 182. gr. <sup>2)</sup> L. 20/1991, 136. gr.

■ **105. gr.** Sé vara tekin úr vörslu farmflytjanda, úr tollvörugeymslu, tekin til notkunar eða flutt brott af frísvæði án þess að leyfi tollstjóra liggja fyrir eru aðflutningsgjöld þegar fallin í eindaga.

□ [Þegar atvik eru eins og um ræðir í 1. mgr. skulu aðflutningsgjöld af viðkomandi vöru reiknuð út samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var á komudegi flutningsfars til landsins hafi vara verið í vörslu farmflytjanda eða innflytjanda, en hafi hún verið sett í tollvörugeymslu eða flutt á frísvæði skulu aðflutningsgjöld reiknuð út samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar tollstjóri veitti leyfi til flutnings vöru þangað, nema sannað sé á fullnægjandi hátt að mati tollstjóra að nefnd atvik séu síðar til komin. Reikna skal frá sama tíma dráttarvexti af aðflutningsgjöldum þannig útreiknuðum. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. [25/1987].<sup>1)</sup> Að öðru leyti skal farið með mál þessi samkvæmt ákvæðum XIV. kafla.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 29. gr. <sup>2)</sup> L. 96/1987, 11. gr.

■ **106. gr.** [Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra í því tollumdæmi þar sem vara er flutt úr fari því sem hana flytur til landsins samkvæmt farmskrá. Sé vara framsend ótollafgreidd í annað tollumdæmi en þar sem afferming fór fram, sbr. VII. kafla, skal þó greiða gjöldin í því tollumdæmi sem varan er send til.

□ Aðflutningsgjöld af póstsendingum skulu greidd í því pósthúsi þar sem þeirra skal vitjað samkvæmt tilkynningu pósthúss.

□ Aðflutningsgjöld af vörum í tollvörugeymslu eða á frísvæði skulu greidd tollstjóra í því tollumdæmi þar sem tollvörugeymsla eða frísvæði er, nema vörunnar séu framsendar ótollafgreiddar í annað tollumdæmi, en þá skal greiða gjöldin þar.

□ Hafi innflytjandi verið veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skv. 109. gr. skal hann greiða aðflutningsgjöld þar sem hann á lögheimili.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 30. gr.

■ **107. gr.** [[Póstþjónustuaðili]<sup>1)</sup> annast innheimtu aðflutningsgjalda af póstsendingum sem [hann]<sup>1)</sup> sér um flutning á og afhendingu á þeim undir eftirliti tollstjóra samkvæmt nánari reglum<sup>2)</sup> sem fjármálaráðherra setur.

□ Tollstjóri getur heimilað aðilum, sem annast vörslu ótollafgreiddra vara samkvæmt VII., VIII. og IX. kafla laga þessara, að veita greiðslu aðflutningsgjalda viðtöku og standa ríkissjóði skil á þeim. Binda má leyfi því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af tollmeðferð vöru hjá leyfishafa.

□ Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar greinar.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/1998, 16. gr. <sup>2)</sup> Rg. 336/1993, rg. 709/2000, sbr. 272/2001. <sup>3)</sup> L. 69/1996, 31. gr.

■ **108. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðins tíma frá komudegi hennar til landsins, hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu eða flutt á frísvæði. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokka tollafgreiðslu innan þessara tímamarka. Í reglu-

gerð<sup>1)</sup> getur ráðherra ákveðið að leggja skuli viðurlög við því ef skyldu samkvæmt ákvæðum reglugerðar, settar samkvæmt þessari málsgrein, er ekki fullnægt, svo sem [dráttarvexti og]<sup>2)</sup> stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila. Þar má einnig ákveða að hafi aðflutningsgjöldin ekki verið greidd innan 30 daga frá eindaga eins og hann verður ákveðinn samkvæmt þessari grein megi tollyfirvald láta selja vöruna [við nauðungarsölu],<sup>3)</sup> er fari fram skv. 111. gr., og áætla tollverð hennar hafi fullnægjandi aðflutningsskjöl um vöruna ekki verið lögð fram.

□ [Eindagi aðflutningsgjalda, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum sem gefnar hafa verið við tollafgreiðslu, er tollafgreiðsludagur varanna.

□ Ef aðflutningsgjöld eru ekki greidd á eindaga eins og hann er ákveðinn samkvæmt þessari grein skal frá og með eindaga reikna dráttarvexti af kröfunni fram að greiðsludegi. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta skulu gilda ákvæði vaxtalaga, nr. 25/1987, með áorðnum breytingum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 61/1989, sbr. 141/1989. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 32. gr. <sup>3)</sup> L. 90/1991, 91. gr.

■ **109. gr.** Fjármálaráðherra getur með reglugerð<sup>1)</sup> eða öðrum fyrirráðum heimilað tollstjórum að veita innflytjendum sem flytja inn vörur í atvinnuskyni, þar á meðal umboðsmönnum þeirra og miðlurum, svo og innflytjendum sem stunda framleiðslu vara eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni og flytja inn aðföng til starfsemi sinnar, greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum vörum . . . <sup>2)</sup> Ráðherra getur í reglugerð ákveðið hvað telja skuli aðföng í þessu tilliti. Heimild til greiðslufrests má jafnframt binda því skilyrði að innflytjandi sanni með fullnægjandi hætti að aflað hafi verið þeirra leyfa sem lög kunna að áskilja varðandi heimild til atvinnurekstrar og innflutningur hans á næst liðnu ári hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki.

□ Heimild til greiðslufrests má binda því skilyrði að sett sé fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar eða hliðstæðrar ábyrgðar. Falla má síðar frá þessu skilyrði hafi ekki komið til vanskila af hálfu innflytjanda sem haft hefur greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í minnst sex mánuði og hann uppfyllt að öðru leyti önnur skilyrði sem sett kunna að verða í reglugerð. Heimild til greiðslufrests fellur niður þegar ákvæði 3. mgr. 104. gr. eiga við.

□ [Ráðherra ákveður í reglugerð uppgjörstímabil og eindaga lánaðra aðflutningsgjalda.]<sup>2)</sup> Séu aðflutningsgjöld ekki greidd á eindaga skulu dráttarvextir þegar reiknaðir á gjaldfallnar skuldir. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. [25/1987].<sup>2)</sup> Í reglugerð getur ráðherra ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda, svo sem að fella niður greiðslufrest, tímabundið eða að fullu, eða stöðva tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila. Verði frestur veittur til greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein má ákveða með reglugerð að greiða skuli af þeim þá vexti sem ákveðnir verði af ráðherra.

□ Heimild til greiðslufrests sem veittur er í einu tollumdæmi skal gilda um tollafgreiðslu á innfluttum vörum sama innflytjanda í öðrum tollumdæmum landsins.

□ Ráðherra setur með reglugerð<sup>3)</sup> eða öðrum fyrirráðum nánari reglur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkvæmt þessari grein.

<sup>1)</sup> Rg. 390/1999, sbr. 898/1999; rg. 858/2000. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 33. gr. <sup>3)</sup> Rg. 309/1992, sbr. 446/1997.

■ **110. gr.** . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 34. gr.

[Lögveðréttur o.fl.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 90/1991, 91. gr.

■ **111. gr.** [Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda eða viðtakanda vöru.

□ Nú kemur annar en innflytjandi eða viðtakandi vöru fram gagnvart tollyfirvöldum vegna tollmeðferðar vöru og ber hann þá ásamt innflytjanda *in solidum* ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð umboðsmanns fellur brott hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda eða viðtakanda, sbr. þó 4. málsl. 1. mgr. 14. gr.]<sup>1)</sup>

□ Aðflutt vara er jafnframt að veði fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði, og hefur eigandi ekki rétt til að taka hana í sína vörslu fyrir en afhendingarheimild viðkomandi tollstjóra liggur fyrir. Gengur lögveðsréttur þessi fyrir öðrum veðum og er óháður grandleysi eiganda.

□ [Tollstjórar mega krefjast nauðungarsölu á ótollafgreiddum vörum án undanfarins fjárnáms eða áskorunar til eiganda til lúkingar aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði og er haldsréttur farmflytjanda því ekki til fyrirstöðu.

□ Náist ekki til þeirrar vöru sem átti að greiða af má gera fjárnám fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði hjá þeim aðilum sem um ræðir í 1.–3. mgr. án undangengins dóms eða sáttar.]<sup>2)</sup>

□ [Um mótmæli gegn nauðungarsölu gilda ákvæði XI. og XIV. kafla laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.]<sup>3)</sup>

□ Telji tollstjóri ekki ástæðu til að [selja vöru við nauðungarsölu]<sup>2)</sup> vegna ástands hennar skal honum heimilt að láta eyðileggja hana á kostnað innflytjanda.

□ Aðflutningsgjöld greiðast af . . . <sup>2)</sup> söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir . . . <sup>2)</sup> sölukostnaði vörunnar. Heimilt er þó að greiða fyrir geymslu hennar í einn mánuð frá komu til landsins. Sé . . . <sup>2)</sup> söluandvirði vörunnar herra en nemur aðflutningsgjöldum, ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði skal greiða þeim sem eignarréttur gekk úr hendi afganginn að frádregnum öðrum eignarhöftum sem á vörunni hvíldu auk alls áfallins kostnaðar. Vitji eigandi ekki þess sem afgangur er samkvæmt framangreindu innan árs frá . . . <sup>2)</sup> söludegi fellur andvirðið til ríkissjóðs.

<sup>1)</sup> L. 81/1998, 17. gr. <sup>2)</sup> L. 90/1991, 91. gr. <sup>3)</sup> L. 69/1996, 35. gr.

Vöntun.

■ **112. gr.** Ef vöru vantar úr aðkomufari skal lækka aðflutningsgjöld með tilliti til verðmætis þess sem vantar í vörusendingu enda hafi verið gerð grein fyrir vöntun á þann hátt sem segir í 60. gr.

□ Ráðherra getur með reglugerð<sup>1)</sup> heimilað lækkan á aðflutningsgjöldum vegna vöntunar, þótt ákvæðum 1. mgr. hafi ekki verið fullnægt, ef svo stendur á að vöntunar í vörusendingu verður ekki vart þrátt fyrir nákvæma athugun ytri umbúða vörunnar. Beiðni um lækkan aðflutningsgjalda vegna vöntunar verður því aðeins tekin til greina að hún berist innan þess frests sem ákveðinn er í reglugerð og á hana færðar þær sönnur sem tollyfirvald metur gildar.

<sup>1)</sup> Rg. 760/2000.

Endursending vöru.

■ **113. gr.** Heimilt er samkvæmt nánari skilyrðum sem sett verða í reglugerð<sup>1)</sup> eða með öðrum fyrirráðum:

1. Að endurgreiða eða fella niður aðflutningsgjöld af vöru sem send er ónotuð aftur til útlanda gegn endurgreiðslu kaupverðs.

2. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem reynist gölluð og endursend er til útlanda, enda viðurkenni seljandi að hann taki vöruna aftur vegna gallans.

<sup>1)</sup> Rg. 760/2000.

■ **114. gr.** Verði breyting á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg skal leggja hin nýju gjöld á þá vöru eða sendingu sem eigi hefur verið tekin til tollmeðferðar skv. 2. mgr. 1. gr. Þegar breytingin öðlast gildi þrátt fyrir að hún hafi verið flutt inn fyrir þann tíma.

□ Ef aðflutningsgjöld lækka eða eru felld niður eftir að fullnægjandi skjöl yfir vöru eða sendingu hafa verið afhent toll-yfirvaldi skv. 2. mgr. 1. gr., en áður en heimild er veitt til afhendingar skal greiða hin lægri gjöld eða fella þau niður.

## XII. kafli. Undirboðs- og jöfnunartollar o.fl.

■ **115. gr.** Nú má ætla að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum og slíkt geti stofnað innlend-um atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun og er þá ráðherra heimilt að leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

□ Þá er ráðherra heimilt í sama skyni og með sömu skilyrðum að leggja á sérstakan jöfnunartoll ef ætla má að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o.þ.h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. mgr.

□ [Ráðherra er enn fremur heimilt að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á erlend þjónustuviðskipti að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda um vöruviðskipti samkvæmt ákvæðum þessa kaffa.]<sup>1)</sup>

□ [Ákvarðanir ráðherra um þetta efni gilda frá og með þeim degi sem þær eru birtar í Stjórnartíðindum og skulu ekki gilda lengur en í fimm ár.]<sup>1)</sup>

□ [Ráðherra getur skipað nefnd til að rannsaka kærur um innflutning vara á undirboðskjörum eða með styrkjum og gera tillögur til ráðherra um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla. Um störf nefndarinnar, réttindi og skyldur, skulu gilda ákvæði laga þessara eftir því sem við á.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 66/1994, 1. gr.

■ **116. gr.** Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram

a. á verði sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarendi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða

b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort

1. á verði sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarendi vöru til einhvers annars lands, eða

2. á verði sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölu-kostnaði og ágóða.

□ Við samanburð þann er um ræðir í 1. mgr. skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar sem skipt getur máli.

■ **117. gr.** Undirboðstollur má ekki vera hærri en nemur undirboðinu, þ.e. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu sem tekið er til samanburðar.

□ Jöfnunartollur má ekki vera hærri en nemur greiðslum eða uppbótum sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

■ **118. gr.** Leggja má undirboðs- eða jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

□ Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má að drátt-

ur kunnir að valda tjóni. [Slíka bráðabirgðatolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en 12 mánaða.]<sup>1)</sup>

□ Ráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim.<sup>2)</sup> Um lögvernd tolla þessara fer eftir ákvæðum 111. gr.

<sup>1)</sup> L. 66/1994, 2. gr. <sup>2)</sup> Rg. 137/1989, sbr. 345/1989. Rg. 351/1994.

■ **119. gr.** [Undirboðs- og jöfnunartolla skal ekki leggja á með afturvirkum hætti nema:

a. Þegar vara hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og boðin fram á undirboðskjörum sem valdið hefur tjóni innan lands. Í slíkum tilvikum má leggja undirboðstolla afturvirk á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á undirboðskjörum.

b. Þegar vara, sem notið hefur útflutningsverðlauna, uppbóta, endurgreiðslna og þess háttar, hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og valdið tjóni sem erfitt er að bæta. Í slíkum tilvikum má leggja jöfnunartolla afturvirk á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á vörum sem njóta styrkja með þessum hætti.

c. Þegar loforð um að hætta innflutningi, sem fellur undir 1.–3. mgr. 115. gr., hefur verið vanefnt.

□ Undirboðs- eða jöfnunartollar, sem lagðir eru á með afturvirkum hætti, geta náð til innflutnings sem fluttur hefur verið til landsins allt að 90 dögum áður en kæra barst fjármála-ráðuneytinu um innflutning sem fellur undir 1.–3. mgr. 115. gr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 66/1994, 3. gr.

■ **120. gr.** [Þegar svo stendur á er greinir í 5. gr. samningsins um landbúnað í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar varðandi einhverjar af þeim vörum sem tilgreindar eru í viðauka IIA við lög þessi og þar eru merktar SSG að:

a. innflutt magn fer yfir mörk þau er tilgreind eru í 5. gr. tilvitnaðs samnings um landbúnað; eða, en þó ekki á sama tíma,

b. innflutningsverð vörunnar fellur niður fyrir tiltekin mörk, sbr. skilgreiningu í 5. gr. samningsins um landbúnað, skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. 4. gr., tollur á viðkomandi vöru vera hámarkstollur samkvæmt tollbindingu í viðauka IIA að viðbættum viðbótartolli skv. 5. mgr. 5. gr. samningsins um landbúnað.

□ Viðbótartollar skulu að öðru leyti taka mið af skilyrðum 5. gr. samningsins um landbúnað. Tollur samkvæmt þessari grein kemur aðeins til framkvæmda að landbúnaðarráðherra hafi ákveðið að beita 5. gr. samningsins um landbúnað og gefið út reglugerð þar að lútandi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1995, 7. gr.

■ [120. gr. A. Heimilt skal að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, svo og öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum og bókunum við þá. . . .<sup>1)</sup>

□ Séu verðjöfnunargjöld lögð á skv. [1. mgr.]<sup>1)</sup> er óheimilt að leggja jafnframt á gjaldskylda vöru frá samningsaðila tolla eða önnur sambærileg gjöld nema annað leiði af ákvæðum bókunar 3 við EES-samninginn svo og annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og bókunum við þá.

□ Innheimta verðjöfnunargjalda samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls samkvæmt tollskrá af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum

samnings um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga nema þar sé kveðið á um annað.

□ Verðjöfnunargjald skal lagt á og innheimt við tollmeðferð vöru.

□ Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verðjöfnunargjöld samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, flokkun til gjaldskyldu, sönnun um samsetningu gjaldskyldra vara svo og annað sem lýtur að álagningu og innheimtu gjaldanna. Jafnframt getur hann með sama hætti mælt fyrir um niðurfellingingu tolla og annarra sambærilegra gjalda þegar verðjöfnunargjald er lagt á vöruna. Um lögvernd verðjöfnunargjalda fer skv. 111. gr.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1995, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 18/1993, 2. gr.

### XIII. kafli. Útflutningur.

■ **121. gr.** [Þeir sem stunda útflutning á vörum í atvinnuskyni skulu, áður en vara eða sending er [flutt úr landi],<sup>1)</sup> senda viðkomandi tollstjóra með skjalasendingum milli tölva þær upplýsingar sem láta ber honum í té við tollafgreiðslu vara. Ákvæði 14.–25. gr. skulu að öðru leyti gilda um útflutning eftir því sem við getur átt.<sup>2)</sup>

□ ...<sup>2)</sup>

□ Skýrslu um afla íslenskra veiðiskipa, sem fluttur er út með þeim sjálfum til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa í fyrstu höfn sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum eða næst þegar það leitar hafnar hér á landi, taki skipið ekki höfn áður en það flytur aftur afla á erlendan markað. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað þar sem það er gert út ber að senda skýrslu þessa til tollstjóra í því tollumdæmi þar sem útgerðarstaður skipsins er.

□ Greiða skal útflutningsgjöld og fullnægja útflutningsskilyrðum í því tollumdæmi sem útflutningsvara er flutt í far sem flytja á vöruna til útlanda.

□ Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum vikið frá ákvæðum 4. mgr.

□ ...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/1998, 18. gr. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 36. gr.

■ **122. gr.** [Ráðherra er heimilt að setja almennar upprunareglur er gildi við innflutning og útflutning vöru. Við setningu upprunareglna skal samráð eftir atvikum haft við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Reglurnar skulu grundvallaðar á eftirfarandi meginreglum:

a. Þegar viðmiðun um breytingu á tollflokkun er beitt skal tilgreina nákvæmlega undirlíði og vöruliði þeirrar tollnafnaskrár sem notuð er.

b. Þegar miðað er við hundraðshluta af verðmæti skal tilgreina reikningsaðferðir.

c. Þegar miðað er við framleiðslu eða aðvinnsluáðferðir skal skýra nákvæmlega frá aðferðum sem gefa til kynna uppruna viðkomandi vöru.

□ Upprunareglur skal birta með reglugerð. Ráðherra er jafnframt heimilt að kveða á um að tollyfirvöld veiti innflytjendum, útflytjendum og aðilum sem hagsmuna eiga að gæta bindandi álit um uppruna vöru. Álitnið skal veita eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 150 dögum eftir að beiðni var lögð fram. Slíku álitni má skjóta til ríkistollanefndar.]<sup>1)</sup> ...<sup>2)</sup>

□ Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenskar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum og vörunum skulu fylgja skilríki um uppruna, tollendurgreiðslu

ur o.fl. er það skylda tollyfirvalda, sé fram á það farið, að veita aðstoð við upplýsingar, vottorðagjöf og þess háttar.

□ [Sé útflytjandi framleiðsluvara annar en framleiðandi þeirra skal auk upprunavottorðs útflytjanda liggja fyrir yfirlýsing framleiðanda sem staðfesti að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði um fríðindameðferð samkvæmt fríverslunar- eða milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.]<sup>2)</sup>

□ Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o.fl. skv. [1. og 3. mgr.]<sup>1)</sup> skulu vera að formi og frágangi eins og ákvæðið verður af ráðherra.

□ ...<sup>3)</sup>

□ Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. [1. og 3. mgr.]<sup>1)</sup> að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. um útflyttar vörur til viðkomandi landa eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn, eru atvinnurekandi og aðrir, sem hlut eiga að máli, skyldir til að láta tollyfirvaldi í té upplýsingar um atriði sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina og getur tollyfirvald eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfavíðskipti nefndra aðila.

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um ákvæði [1., 3.]<sup>1)</sup> og 4. mgr.

□ Ráðherra getur með nánar ákvæðnum skilyrðum löggilt innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl og ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum sem útflyttar eru héðan til tímabundinna nota eða til umflutnings í því ríki þegar um er að ræða útflutningsvörur sem lúta sérstakri meðferð samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

□ [Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 87/1995, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 81/1998, 19. gr. <sup>3)</sup> L. 69/1996, 37. gr.

### XIV. kafli. Refsing og önnur viðurlög, upptaka eigna og málsmeðferð.

#### Refsing og önnur viðurlög.

■ **123. gr.** Það er ólöglegur innflutningur ef vara er flutt til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði án þess að tollyfirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sama gildir ef vara er fjarlægð úr geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur eða tekin til notkunar án heimildar tollyfirvalda.

□ Það telst enn fremur ólöglegur innflutningur ef ótollafgreidd vara sem flutt hefur verið um borð í far til útflutnings eða vara sem útflutningur hefur verið leyfður á gegn lækku eða niðurfellingu á tolli eða öðrum gjöldum er án heimildar tollyfirvalda flutt aftur úr farinu eða á annan hátt skotið undan útflutningi.

□ Nú kemur í ljós að um borð í fari er vara sem ekki er færð á farmskrá eða aðrar tilskildar skrár samkvæmt lögum þessum og tollyfirvöldum hefur ekki verið gerð grein fyrir og skal þá lítið svo á að eigandi hennar hafi gerst sekur um tilraun til ólöglegs innflutnings. Verði eigandi vörunnar ekki fundinn ber stjórnandi fars ábyrgð á brotinu.

□ Það varðar sektum samkvæmt lögum þessum ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni.

■ **124. gr.** Brot gegn ákvæðum 123. gr. varða sektum ...<sup>1)</sup> eða fangelsi allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

□ Sömu refsingu skal sá sæta sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vöru, enda viti hann eða megi vita að hún sé ólöglega innflutt.

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 187. gr.

■ **125. gr.** Fyrir tilraun til brots á lögum þessum skal refsað eins og fyrir fullframið brot.

□ Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild skal beitt um brot á lögum þessum.

□ Nú varðar brot, sem refsing er lögð við í lögum þessum, þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga og skal þá refsað eftir þeim lögum.

□ [Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1997, 8. gr.

■ **126. gr.** [Hver sem af ásetningi, stórfelldu gáleysi eða ítreakað veitir rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru eða leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn sem lög þessi taka til skal sæta sektum sem nema skulu að lágmarki tvöfaldri en að hámarki tíufaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin af aðflutningsgjöldum.

□ Hafi brot skv. 1. mgr. verið framið með þeim ásetningi að svíkja undan eða fá ívilnun á aðflutningsgjöldum skal það, auk sekta, varða [fangelsi allt að sex árum]<sup>1)</sup> ef miklar sakir eru eða brot er ítreakað.]<sup>2)</sup>

□ Að svo miklu leyti sem brot er ekki refsivert skv. 123.–125. gr. skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar um þá sem gefa rangar eða villandi yfirlýsingar eða leggja fram röng eða villandi skjöl í sambandi við tollamál.

□ Það varðar sektum, svo og [fangelsi allt að tveimur árum]<sup>1)</sup> ef miklar sakir eru, að láta í té eða valda því að látin séu í té skjöl eða vottorð sem eru röng í mikilvægum atriðum um uppruna íslenskrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana sem eiga að tryggja að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar vegna milliríkjasamninga. . . .<sup>2)</sup>

□ Nú hefur ráðherra veitt einstaklingi, félagi eða stofnun leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð sem nefnd eru í næstu málsgrein hér að framan, sbr. 3. mgr. 122. gr., en ekki verður sannað hver hafi undirritað þau, og skal þá viðkomandi leyfshafi, sé um einstakling að ræða, eða framkvæmdastjóri, sé um félag eða stofnun að ræða, bera refsíabýrgðina.

□ [Gera má lögðila og fyrirsvarsmanni hans að greiða *in solidum* sekt fyrir brot á lögum þessum þrátt fyrir að ekki sé upplýst um saknæman verknad starfsmanna lögðilans, enda hafi brotið verið framið til hagsbóta fyrir lögðilann.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 187. gr. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 38. gr.

■ **127. gr.** Það varðar sektum eða [fangelsi allt að tveimur árum]<sup>1)</sup> að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr fari forða eða aðra muni eða vöru sem heimilt er að hafa tollfrjálst í fari nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt.

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 187. gr.

■ **128. gr.** Sá sem af ásetningi eða gáleysi rýfur eða fjarlægir tollinnsigli eða önnur tolleinkenni skal sæta sektum . . .<sup>1)</sup> eða fangelsi allt að sex mánuðum.

□ Sé lás eða innsigli tollgæslunnar brotið eða fjarlæggt, án þess að sá seki finnist, varðar það þann sektum sem ábyrgð ber á lásnum eða innsigliinu nema hann geti gert sennilegt að brotið sé ekki vanrækslu hans eða starfsfólks hans að kenna og hann tilkynni tollgæslunni um brotið þegar í stað og geri nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því að hin innsiglaða vara verði fjarlægð eða ástandi hennar breytt.

□ Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beita ef maður aflar sér aðgangs að vörum sem eru undir tollinnsigli án þess að rjúfa innsiglið eða skemma.

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 187. gr.

■ **129. gr.** Það varðar sektum [eða fangelsi allt að tveimur árum]<sup>1)</sup> að selja eða láta á annan hátt af hendi vöru sem flutt hefur verið tollfrjálst til landsins samkvæmt lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda samkvæmt þeim lögum. Sömu refsingu varðar að taka við slíkum vörum, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram, fullar sannanir fyrir því að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og öðrum innflutningsskilyrðum fullnægt.

□ Sömu viðurlögum varðar það enn fremur að flytja eða reyna að flytja út vöru af samningssvæðum samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna Norður-Ameríku sem fluttar hafa verið inn tollfrjálst. Sé varan flutt í farartæki og verði eigandi hennar ekki fundinn ber stjórnandi farartækisins ábyrgð á brotinu.

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 187. gr.

■ **130. gr.** Það varðar sektum, svo og [fangelsi allt að tveimur árum]<sup>1)</sup> ef miklar sakir eru, misnoti maður leyfi, ívilnanir eða tollfríðindi sem honum hafa verið veitt samkvæmt heimild í lögum þessum eða öðrum lögum og reglugerðum eða fyrirmælum sem sett eru samkvæmt þeim.

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 187. gr.

■ **131. gr.** Ef maður tregðast við að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar, leggja fram skjöl eða veita aðstoð sem hann er skyldur til samkvæmt lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim má knýja hann til þess með stöðvun tollafgreiðslu.

■ **132. gr.** Það varðar stjórnanda, eiganda eða umráðamann fars sektum ef tilskilin skjöl og skilríki fylgja ekki fari, ekki er gerð þar grein fyrir öllum vörum sem skylt er eða þau ekki gerð eins og fyrir er mælt í lögum þessum eða ákveðið kann að vera í reglugerð eða öðrum fyrirmælum eða vanrækt er að afhenda þau tollgæslumanni.

□ Leiði vanræksla sem um ræðir í 1. mgr. til þess að rannsókn eða eftirlit með affermingu þurfi að fara fram á farmi fars eða öðru sem far flytur ber eigandi eða umráðamaður þess allan kostnað<sup>1)</sup> sem af því hlýst.

□ Það varðar stjórnanda fars sektum ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp, eigi finnast í farinu eða eigi er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir vörum sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir sem samkvæmt innsiglið hafa verið geymdar meðal innsiglið birgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsigliðskrá yfir slíkan varning.

<sup>1)</sup> Rg. 107/1997, sbr. 301/1997, 213/1998, 368/1998 og 309/2000.

■ **133. gr.** Það varðar sektum [eða fangelsi allt að sex árum]<sup>1)</sup> ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugeymslu afhendir ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra eða umboðsmanns hans. Sömu viðurlögum varðar það að veita viðtöku vöru sem er ólöglega afhent.

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 187. gr.

■ **134. gr.** . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 39. gr.

■ **135. gr.** Önnur brot gegn lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum sem sett eru samkvæmt þeim varða sektum, svo og [fangelsi allt að tveimur árum]<sup>1)</sup> ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 187. gr.

*Upptaka eigna.*

■ **136. gr.** Heimilt er að gera upptæka vöru sem hefur verið flutt eða reynt að flytja ólöglega inn eða á annan hátt farið með andstætt ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla sem sett eru samkvæmt þeim, án tillits til þess hver er eigandi hennar eða til eignarhafta sem á henni hvíla, nema vörslumaður hafi komist yfir vöruna á saknæman hátt.

□ Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut andvirði vörunnar auk tolla og annarra gjalda af henni.

□ Ef um stórfellt brot er að ræða eða sakir eru að öðru leyti mjög miklar er heimilt að gera upptækt farartæki sem notuð hafa verið til þess að fremja brotið. Upptaka er heimil þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis ef ástæða er til að ætla að eigandinn hafi vitað eða mátt vita í hvaða tilgangi nota átti farartækið.

□ Í stað farartækis má gera andvirði þess upptækt.

□ Nú verður refsíabýrgð ekki fram komið og er þá heimilt að beita eignaupptöku.

□ Verði ekki upplýst hver sökunautur er skal varan innan 30 daga frá því að hún var flutt inn eða finnst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.

■ **137. gr.** Farartæki sem hefur verið notað eða reynt hefur verið að nota til þess að flytja vörur ólöglega til landsins eða til flutnings á slíkum vörum á tollsvæði ríkisins skal vera að veði til tryggingar gjöldum, sektum og kostnaði sem stjórnanda farartækis, áhöfn eða öðrum starfsmönnum þess verður gert að greiða, og má kyrretja það og selja [við nauðungsarsölu til lúknungar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar eða áskorunar til eiganda]<sup>1)</sup> og með þeim hætti sem segir í 111. gr.

□ Eigi sökunautur lögheimili eða eignir hér á landi skal þó jafnan reynd aðför hjá honum áður en gengið er að veðinu, en eigi raskar það rétti til kyrretningar skv. 1. mgr.

<sup>1)</sup> L. 90/1991, 91. gr.

■ **138. gr.** Heimilt er að svipta þann réttindum skv. 68. gr. almennra hegningarlaga sem sekur hefur gerst um stórfellt eða margítrekað brot á lögum þessum.

*Málsmeðferð.*

■ **139. gr.** Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

□ [Tollstjóra]<sup>1)</sup> er þó heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning [eða önnur brot gegn lögum þessum],<sup>1)</sup> ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en [75.000 kr.],<sup>1)</sup> enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun skýrt og stutt brot það sem um er að tefla, refsíákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur [tollstjóri]<sup>1)</sup> undir því skilorði, er nú var sagt eða 5. mgr. 136. gr., ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr [300.000 kr.]<sup>1)</sup>

□ [Sektir og eignaupptaka samkvæmt þessari grein skulu ákveðnar af tollstjóra eða löglærðum fulltrúa hans.]<sup>1)</sup>

□ [Senda skal ríkissaksóknara skrá um mál sem lokið er skv. 2. mgr. eftir þeim reglum sem dómsmálaráðherra setur, en m.a. skulu ákvæði 19. og 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, gilda um færslu á sakaskrá og leiðbeiningu ríkissaksóknara um sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brots.]<sup>1)</sup>

□ Nú telur saksóknari að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr., eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða mál sem lokið er samkvæmt sama ákvæði hefði átt að ganga til dóms og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

□ Hafi einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og framvísar því við tollgæsluna áður en tollskoðun hefst á farangri hans skal honum heimilt að halda því gegn því að greiða einkasölugjald til hlutadeigandi einkasölu samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur, án þess að sæta kærnu fyrir brot, enda sé um takmarkað magn að ræða sem nánar má ákveða í reglugerð.

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 40. gr.

■ **140. gr.** Sektir fyrir brot á lögum þessum og andvirði upptækrar vöru renna í ríkissjóð.

**XV. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **141. gr.** Tollstarfsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir.

■ **142. gr.** [Ef óskað er bindandi upplýsinga um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til tollstjóra. Tollstjóri tekur ákvörðun um tollflokkun vöru samkvæmt þessari grein sem er bindandi fyrir fyrirsprjanda og tollyfirvöld, nema hún sé afturkölluð af tollstjóra eða henni breytt eftir kærnu til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr.]

□ Tollstjóra er ekki skylt að verða við beiðni skv. 1. mgr. ef hún lýtur að vöru sem þegar hefur verið tollafgreidd eða vöru sem er í sendingu sem flutt hefur verið til landsins. Sama gildir ef beiðni reynist augljóslega vera tilefnislaus.

□ Erindi skulu fylgja þau gögn sem eru nauðsynleg til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun vöru, svo sem teikning, mynd, vörulýsing eða bæklingur. Ef nauðsyn ber til að mati tollstjóra getur hann sett skilyrði um að sýnishorn af vöru sé lagt fram áður en hann tekur ákvörðun um tollflokkun.

□ Tollstjóri skal svara beiðni skriflega innan 30 daga frá því að hún berst. Í svari tollstjóra skal í meginatriðum koma fram á hvaða rökum niðurstaða er byggð. Telji tollstjóri að beiðni hafi ekki að geyma fullnægjandi upplýsingar eða henni fylgi ekki nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun skal hann tilkynna viðkomandi hvaða upplýsingar eða gögn vanti. Þegar úr því hefur verið bætt skal tollstjóri svara beiðni innan 30 daga. Afrit af svari tollstjóra ásamt ljósriti af mikilvægustu gögnum skal sent [tollstjóranum í Reykjavík]<sup>1)</sup> sem skotið getur ákvörðuninni til ríkistollanefndar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 18. gr. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 41. gr.

■ **143. gr.** [Samþykki tollasamvinnaráðið breytingar á tollnafnaskrá ráðsins eða skýringum við tollnafnaskrána, úrskurði eða gefi út túlkun um tollflokkun eða nýja samræmda tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum

í tollskrá er ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður, breyta eða taka upp ný tollskrárnúmer. Ráðherra er jafnframt heimilt að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer ef þess gerist þörf, t.d. til að afla megi nauðsynlegra upplýsinga vegna hagskýrslugerðar.

□ Breytingar á tollskrá skv. 1. mgr. skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda og hafa ekki afturvirk gildi. Breytingarnar skulu ekki hafa áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir í tollskrá, gjöld eða gjaldfrelsi, heimildir, takmarkanir og þess háttar sem kveðið er á um í öðrum lögum.

□ Ráðherra er heimilt að sameina í eitt tollskrárnúmer vörur sem koma til landsins með póstsendingum í einu komunúmeri og eru að tollverðmæti 25.000 kr. eða minna. Slík breyting skal þó ekki hafa áhrif á fjárhæð tolls af viðkomandi vörum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 104/2000, 9. gr.

■ **144. gr.** Toll og önnur gjöld skal leggja á og innheimta í heilum krónum þannig að 50 aurar og þar yfir teljist 1 króna en lægri fjárhæð sé sleppt. Tollverð og einstaka þætti þess skal tilgreina í aðflutningsskýrslu og tollverðsskýrslu með sama hætti.

■ **145. gr.** Ráðherra setur reglur<sup>1)</sup> um almennan tollafgreiðslutíma. Tollyfirvöld geta heimilað að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað<sup>2)</sup> sem af því leiðir.

□ Ráðherra ákveður með reglugerð<sup>2)</sup> hvaða gjald skuli innheimta fyrir störf tollstarfsmanna sem ekki teljast liður í almennu tollefirliti. Krafa þessi nýtur lögtaksréttar.

<sup>1)</sup> Rg. 41/1957, sbr. 362/1975, 559/1983, 6/1996 og 110/1997. <sup>2)</sup> Rg. 107/1997, sbr. 301/1997, 213/1998, 368/1998 og 309/2000.

■ **146. gr.** [[Ráðherra]<sup>1)</sup> setur nánari reglur um skil tollstjóra á upplýsingum úr aðflutnings- eða útflutningsskjölum og öðrum gögnum að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 155/2000, 19. gr. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 42. gr.

■ **147. gr.** [Fjármálaráðherra skal hrinda í framkvæmd ákvæðum í fríværslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, svo og bókunum og viðaukum við slíka samninga sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra.]<sup>1)</sup>

□ Ráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf á sviði tollmála, m.a. til að samræma og einfalda tollmeðferð [vegna gagnkvæmra upplýsingaskipta og innheimtu vangreiddra gjalda]<sup>2)</sup> og til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og útflutningi.

<sup>1)</sup> L. 104/2000, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 69/1996, 43. gr.

■ **148. gr.** Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrir- mælum<sup>1)</sup> nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> Rg. 41/1957 (um tollheimtu og tollefirlit), sbr. 6/1966, 362/1975, 559/1983 og 110/1997. Rg. 172/1985 (skipasmíðar og skipaviðgerðir). Augl. 401/1987 (um tollamál). Rgl. 479/1988 (um einfaldari tollskýrslugerð fyrir vörur sem njóta sérstakra tollfríðinda). Rg. 160/1990 (um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla), sbr. 267/1991, 1/1996 og 791/2000. Rg. 527/1991 (um frísvæði). Rg. 627/1991 (um flutning ótollafgreiddra bifreiða í ryðvarnarstöðvar), Rg. 228/1993 (um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra), sbr. 857/2000. Rgl. 117/1994 (um fyrirspurnir til tollstjóra um tollflokkun vara). Rg. 351/1994 (um undirbúning og framkvæmd álagningar og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla). Rg. 107/1997 (um greiðslu kostnaðar vegna tollafgreiðslu utan almenns afgreiðslutíma o.fl.), sbr. 301/1997, 213/1998, 368/1998 og 309/2000. Rg. 445/1997 (um tollafgreiðslu hraðsendinga),

sbr. 538/1997 og 756/2000. Augl. 631/1997 (um tölvuáætlaða tollafgreiðslu vegna útflutnings o.fl.). Augl. 662/1997 (skráning farmflytjenda á innfluttum og útluttum vörum o.fl.). Rg. 247/1999 (um einkennisbúninga, merki og búnað tollgæslunnar), sbr. 636/1999. Rg. 390/1999 (um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum), sbr. 898/1999. Rg. 709/2000 (um tollmeðferð póstsendinga). Rg. 719/2000 (um undanþágu aðflutningsgjalda af aðföngum til ýmissar atvinnustarfsemi), sbr. 791/2000. Rg. 760/2000 (um lækun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar o.fl.). Rg. 797/2000 (um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum). Rg. 798/2000 (um tímabundinn innflutning). Rg. 858/2000 (um SMT tollafgreiðslu).

■ **[149. gr.** Ákvæði laga þessara um innflutning skulu gilda um útflutning og umflutning eftir því sem við getur átt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 44. gr.

■ **[150. gr.]<sup>1)</sup>** Ákvæði laga þessara um flokkun vara, álagningu, innheimtu, lögvernd, tilhögun bókhalds, aðflutnings- og útflutningsskýrslur og önnur skjöl, eftirlit, stöðvun tollafgreiðslu, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi toll skulu gilda eftir því sem við getur átt um aðflutnings- eða útflutningsgjöld sem ákveðin eru samkvæmt öðrum lögum, nema annað sé þar ákveðið.

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 44. gr.

■ **[151. gr.]<sup>1)</sup>** Lög þessi öðlast gildi 1. september 1987. . . .

□ Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt lögum þeim sem um ræðir í fyrri málsgrein, skulu þó halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir og fyrirmæli<sup>2)</sup> hafa verið gefin út.

<sup>1)</sup> L. 69/1996, 44. gr. <sup>2)</sup> Augl. 397/1987.

#### Viðauki I. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Viðauki I, sem er tollskrá, er ekki prentaður hér en vísað í Stjítíð. A 1987, bls. 695–696, sbr. augl. A 12/1988, A 96/1988, A 95/1989, A 96/1989, A 76/1991, A 64/1992, A 76/1992, A 78/1992, A 82/1992, A 114/1992, A 17/1993, l. 18/1993, 4. gr., l. 29/1993, brbákv. II., augl. A 89/1993, A 90/1993, A 104/1993, l. 122/1993, 45. gr., augl. A 131/1993, A 132/1993, A 107/1994, A 146/1994, A 38/1995, A 82/1995, l. 87/1995, 10. gr., sbr. viðauka I með þeim lögum, augl. A 92/1995, A 103/1995, A 106/1995, A 114/1995, A 115/1995, A 127/1995, A 24/1996, A 52/1996, A 163/1996, A 7/1997, A 16/1997, A 99/1997, A 100/1997, A 108/1997, A 1/1998 og A 42/1998, l. 81/1998, 20. gr., augl. A 92/1998, A 5/1999, A 84/1999, A 5/2000, A 78/2000 og A 147/2000; l. 104/2000, 11. gr.

#### Viðauki II. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta, sjá Stjítíð. A 1995, bls. 305, sbr. l. 81/1998, 21. gr.

#### Viðauki III. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta, sjá Stjítíð. A 1995, bls. 581.

#### Viðauki IV. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta, sjá Stjítíð. A 1995, bls. 609, sbr. Stjítíð. A 2001, bls. 170.

#### Viðauki V. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Um texta, sjá Stjítíð. A 2001, bls. 169.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.<sup>1)</sup>** . . .

□ . . .

□ [Til 1. janúar [2001]<sup>2)</sup> er heimilt að skila tollskjölum í því formi sem ákveðið var fyrir gildistöku þessara laga en SMT-tollafgreiðsla er heimil að því leyti sem hún hefur þegar verið tekin upp eða verður tekin upp eftir gildistöku þessara laga og skulu ákvæði þessara laga þá gilda að öllu leyti um framkvæmd hennar. Reglugerðir og öll önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið skv. 14. gr., 15. gr., 1. mgr. 53. gr. og 1. og 2. mgr. 121. gr. tollalaga, nr. 55/1987, eins og þau voru fyrir gildistöku þessara laga, skulu halda gildi sínu til 1. janúar [2001].<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> Sjá einnig brbákv. í l. 96/1987, sbr. l. 102/1988. <sup>2)</sup> L. 109/1999, l. gr. <sup>3)</sup> L. 69/1996, brbákv.